


TÍMAFLAKK

með Markúsi

5. hefti

Febrúar 2023



Áhættuspor
á
þunnum
ís

Markús Örn Antonsson stiklar á stóru

Alvarleg átök...

Baráttan um borgarstjórastólinn upp á yfirborðið

Árni og Vilhjálmur P. líklegustu arftakarnir

Allt bendir til þess að frá og með deginum í dag verði Davíð Oddsson borgarstjóri forsætisráðherra. Hann hefur lýst því yfir að hann muni þá láta af störfum sínum og hafa verið í gættum viðfangs þess að efirráðgjafi hans á sviði borgarstjórnarinnar er áttundin. Það má líka segja að Davíð hafi ösemiligt að Davíð hafi viljað að svo væri. **Hljóð beráttu...**



Davíð Oddsson á skrifstofu forsætisráðherra á þriðjudag, fyrsta daginn í hinu nýja embætti. Morgunblaðið/Ó.Í.Í.

MORGUNBLAÐIÐ SÖNNUDAGUR 5. JÚNÍ 1991 15

FJÓRIR KALLAÐIR...

Hér fara á eftir samtöl við þá fjóra borgarfulltrúa sem söðrum fremur hafa verið orðaðir við að taka við embætti borgarstjóra.

Margir álitlegir til starfsins
Árni Sigfússon sagði mikla einbeinir menn komi til greina í embætti borgarstjóra. „Þó að mér þyki vænt um að vera þar nefndur. Að minnu máttu eru félagar mínir í borgarstjórn margir álitlegir til þessa starfs þótt að endingu taki einn það að sér," sagði hann.

„Við höfum alltaf lagt á það félag stýrkur okkar. Það er oft sígust sameingast menn um hvern af þessum fjórum." sagði hann.

Katrín sagði að ætíð Davíðs, að ræða einnlega við hvern og einn, væri fremur í samræmi við þau stjórnmálaflokknum, heldur en þeim lítt náðum eftirnanna. „Ég tel að það kosti á sér, það séu fjórir, án þess að lalad sé um það beini óþinbera vera ein af þeim, en það er auðvitað þessara fjóriga sem hafa starfað saman margir hverjir í mörg ár að taka ákvörðun og hún er ekkert aðvæð. Þessu skiptir að samstada sé um saman, það eru þrjú ár eftir af ljúrtímabilinu, þannig að samstada verður að vera útgangspunkturinn."

Ekkir kosningakeppni
Vilhjálmur P. Vilhjálmsson sagði hafa verið lalad um það í vanaborgarfulltrúar haldum um val nýs borgarstjóra innan borgarstjórnarflokksins. „Ég hef haldið þetta eins og um var rætt," sagði hann. „Þessi hópur er mjög samhentur og í honum hefur ríkið gott samband."

Sælist ekki eftir að verða borgarstjóri
Magnús L. Sveinsson sagði ýmislegt um hvern af þessum fjórum.



Árni



Vilhjálmur

Skoðanakönnun SKÁÍs: Þriðjungur styður Árna Sigfússon

ÁRNI Sigfússon borgarfulltrúi hlaut mestan stuðning í skoðanakönnun sem SKÁÍs gerði fyrir Stöð 2 dagana 12. til 15. júní um val á næsta borgarstjóra í Reykjavík. 34,2% þeirra sem tóku afstöðu sögðust myndu styðja Árna, en borgarfulltrúarnir Katrín Fjeldsted, Vilhjálmur P. Vilhjálmsson, Magnús L. Sveinsson og Ellert B. Schram ritstjóri hlutu stuðning 7 til 14% af þeim sem tóku afstöðu.

Nesjakola. Frá vinstri: Einar Páll Benediktsson frá Seljavöllum í Nesjum, Guðrún Arna Kristjánsdóttir, sem á heima í Haebargaröf 1 í Nesjum, og Ásmundur Sigfússon frá Fornustekjum í Nesjum. DV-mynd Ragnar Imsland

Vilhjálmur P. Vilhjálmsson um næsta borgarstjóra Reykjavíkur:

Enginn treður sér í stól Davíðs

„Ég tel það fráleitt að næsti borgarstjóri verði sáttur út fyrir hóp borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins. Meðal borgarfulltrúanna eru margir hælir menn sem valdið getu starf Meirihluti með Vilhjálm? Samkvæmt heimildum DV eru mjög skiptar skoðanir innan borgarstjórnarflokksins um hver eigi að tala um hvern af þessum fjórum. Þessu skiptir að samstada sé um saman, það eru þrjú ár eftir af ljúrtímabilinu, þannig að samstada verður að vera útgangspunkturinn."

Áð sögn þeirra borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins sem DV hefur rætt við heyrir það til undantekninga að greidd séu atkvæði innan borgarstjórnarflokksins. Yfirleitt sé leitad fangsmikið starf og út af fyrir sig verður það ekki leitt að setjast í stól Davíðs Oddssonar. Hins vegar skilur hann við mjög gott bú, segir Magnús L. Sveinsson.

lyðræðisleg ákvörðun um næsta borgarstjóra. Á þeim grundvelli segist hann tilbúinn til að setja sig niðurstöðina, hver sem hún verði. Áþunður kváðst hann ekki sjá nei...

Óvænt vending á miðjum aldri

Þegar Davíð Oddsson hafði tekið við forystu Sjálfstæðisflokksins og dró að kosningum til Alþingis vorið 1990, ágerðist skjálftavirkni í röðum borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins sem stóðu frammi fyrir vali á eftirmanni Davíðs á borgarstjórástóli. Talið var næsta einsýnt að Davíð myndi leiða næstu ríkisstjórn sem forsætisráðherra og viki því af vettvangi borgarmálanna.

Í umræðunni um næsta borgarstjóra beindist kastljósið fyrst og fremst að Árna Sigfússyni og Vilhjálmi Þ. Vilhjálmsyni. Aðrir reyndu að smokra sér inn í umræðuna og voru þau Júlíus Hafstein og Katrín Fjeldsted ötulust við að koma nöfnum sínum á framfæri í trúnaðarsamtölum við fjölmiðla. Í hinum innsta hring vissu allir að þau komu aldrei til greina.

Mönnum leist ekkert á blikuna hvernig barátta þeirra Árna og Vilhjálms þróaðist. Báðir voru sagðir hafa “mátað sig” við borgarstjórabilinn, nýlegan Cadillac sem Davíð hafði valið og olli miklum úlfabyt í umræðu þegar frá kaupum var gengið. Borgarstjórnarflokkurinn var greinilega klofinn í borgarstjórakjörinu og var hátt reitt til höggs afhálfu hinna tveggja líklegustu þannig að opinbert einvígi var í uppsiglingu með hinum alvarlegustu afleiðingum. Þannig var andrúmsloftið þegar mér sem fyrrverandi forseta borgarstjórnar var boðið að vera viðstaddur úthlutun barnabókaverðlauna í Höfða síðasta vetrardag 1991. Að sönnu rafmagnað. Borgarfulltrúar voru með hvíslingar í öllum hornum og embættismenn

stungu saman nefjum, raunamæddir á svip. Þetta voru gamlir samstarfsmenn mínir frá fyrri tíð sem upplýstu mig undir rós um ófremdarástand í borgarstjórnarflokki Sjálfstæðisflokksins, Það olli þeim hugarangri af margvíslegum ástæðum og höfðu þeir sitthvað að athuga við einstaka vonbiðla sem litu hýru auga til borgarstjórástólsins. Kannski yrði ekki hægt að finna lausn á þessu innan



borgarstjórnarflokksins og leita þyrfti út fyrir hann. Það töldu sumir viðstaddra. Mér fannst það ótrúlegt uppgjafarmerki hjá hinum pólitískt kjörnu ef til slíks kæmi. Sumarið var að ganga í garð og ástæðulaust að vera að spilla áhrifum hækkandi sólar með umhugsun um málatilbúnað á vettvangi, sem ég hafði fyrir löngu sagt skilið við. Ég gekk hröðum skrefum í vorblænum upp Hlíðarnar, Kringlumýrina og inn á skrifstofu mína í Útvarpshúsinu í Efstaleiti; fylgdist ekkert með frekari gangi þessa máls næstu vikurnar enda kom það mér alls ekkert við nema hvað ég vonaði að Vilhjálmur vinur minn yrði fyrir valinu sem borgarstjóraefni.

MÖA

Það var svo að kvöldi 12. júní er ég kom heim á Vesturgötuna að Steinunn tjáði mér að Davíð Oddsson hefði reynt að ná sambandi við mig í síma. Hann var á skrifstofunni í Stjórnarráðinu en ætlaði að hringja aftur þegar hann væri kominn heim, sennilega eftir kvöldmat. “Nú, hvað ætli Davíð vilji? Ætli það hafi verið eitthvað í Útvarpinu, sem honum hefur mislíkað illilega?” tuldraði ég. Ég þóttist geta gengið út frá því að ýmislegt hefði á stundum farið í taugarnar á Davíð af því sem sagt var eða sýnt

Örla

Ríkisútvarpinu en aldrei nokkurn tímann hafði hann haft samband við mig til að kvarta. Það höfðu ýmsir aðrir úr öllum flokkum gert af einu og öðru tilefni.

Þegar ég hafði skóflað í mig matnum og horft á sjónvarpsfréttirnar hringdi síminn og Davíð bað mig um að skreppa til sín heim á Lynghaga. Þegar schäferhundurinn Tanni hafði þefað af mér og grandskoðað samþykkjandi við útidyrnar, var haldið inn í stofu. Hóf þá Davíð að rekja þá stöðu sem upp væri komin í borgarstjórnarflokknum vegna væntanlegs kjörs eftirmanns síns, sem fram færi á borgarstjórnarfundi 20. júní. Mér kom þetta umræðuefni á óvart en taldi að vegna fyrri starfa minna í borgarstjórninni með Davíð væri kannski ekki fráleitt að hann velti þessum málum upp með mér eins og vafalaust fleiri ráðgjöfum, sem hann myndi leita til. Lét Davíð ýmis spaugsyroi falla þegar hann fór yfir stöðuna og nefndi keppinautana, sem helst hefðu verið nefndir til sögunnar. Ljóst var að

hann hafði nokkrar efasemdir um þá báða, Árna og Vilhjálmm, og rakti síðan kosti og galla hvors um sig. Hann sagði Magnús L. vilja halda áfram hjá Verslunarmannafélaginu. Katrín Fjeldsted teldi sig eiga einhverja von og Júlíus Hafstein sömuleiðis. Hvorugt þeirra væri þó inni í myndinni. Hann sagðist líka hafa hugleitt þann möguleika að kallaður yrði til aðili utan borgarstjórnarflokksins. Þeir Björn Bjarnason, alþingismaður, og Kjartan Gunnarsson, framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins, hefðu komið til tals í þröngum hópi. Þá var og nefndur til þriðji maðurinn sem sjálfur álti sig sjálfkjörinn til starfans. Það væri Ellert B. Schram, ritstjóri DV, og fyrrverandi þingmaður Sjálfstæðisflokksins. Davíð taldi af og frá að hann myndi nokkurn tímann leggja það til við

á næstu árum þannig að borgarsjóðurinn stæði mjög sterkur að vígi við næstu kosningar 1994. Stefnumál Sjálfstæðisflokksins væru skýrt mörkuð og hefðu verið kynnt í fáum en greinargóðum punktum fyrir borgarstjórnarkosningarnar 1990, sem borgarstjórinn myndi fylgja eftir. Framundan væru skemmtilegir tímar fyrir borgarstjórnann. Perlan yrði tekin í notkun innan skamms og Ráðhúsið vígt fullgert hinn 14. apríl 1992 kl. 15, eins og skýrt hefði verið tekið fram á loforðalista Sjálfstæðisflokksins fyrir kosningar. Það nyti örugglega góðra skilyrða til að byggja mig upp til framboðs fyrir næstu kosningar. Með ríkisstjórn undir forystu Sjálfstæðisflokksins við völd væri engu að kvíða um samskipti við ríkisvaldið um framkvæmd verkefna og fjármál.

garíkt símtal

borgarstjórnarflokkinn. Ellert væri orðinn skissofren í pólitík og vissi ekki hvort hann tilheyrði Sjálfstæðisflokknum eða væri orðinn vinstri maður.

Eftir þetta kom Davíð beint að efninu, að spyrja mig, hvort ég gæti hugsað mér að taka starfið að mér “ef sú staða kæmi upp.” Það þýddi nánast að Davíð hefði mitt nafn eins og spil uppi í erminni í þeim framhaldsviðræðum og þreifingum, sem áttu að fara fram næstu vikurnar innan borgarstjórnarflokksins. Honum fannst auðvitað mjög brýnt að samstaða næðist um borgarstjórnarefnið og að borgarstjórinn væri kjörinn borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins. Á þetta yrði látið reyna til þrautar áður en nýr borgarstjóri yrði sóttur út í bæ.

Því næst hóf Davíð “sölutal” til glæða áhuga minn. Hann sagði borgarmálin standa mjög vel. Hagur Reykjavíkurborgar væri með ágætum. Það væri reyndar yfirdráttur upp á 1300 milljónir hjá Landsbankanum, sem myndi standa þannig óbreyttur um næstu áramót en síðan yrði hægt að borga hann niður

Sjálfur sagðist Davíð ætla að draga sig algjörlega í hlé af vettvangi borgarmálanna og hætta sem borgarfulltrúi innan fárra mánaða.

Viðbrögð mín voru að sjálfsögðu mikil undrun yfir því hvernig komið væri leitinni að nýjum borgarstjóra. Ég hefði reyndar skynjað það á samtölum við borgarfulltrúa að illa gengi að ná samstöðu um eftirmanninn. Þó að ég mæti traustið mikils væri ég hins vegar í þeirri sérstöku aðstöðu, að við hjónin værum að fara af landi brott daginn eftir í almennilegt sumarfrí í fyrsta skipti í mörg ár, færum til Mið-Evrópu og þaðan á aðalfund European Broadcasting Union í Rómaborg í byrjun júlí. Ég gæti alls ekkert beitt mér, komið til funda með mönnum eða haft mig í frammi, ef Davíð á annað borð vildi halda þessu til streitu. Hann sagði það ónauðsynlegt. Þetta yrði bara á milli okkar og kannski kostur að ég væri í burtu. Hann myndi ekki nefna nafn mitt nema á síðustu stundu ef öll sund lokuðust. Ég sagðist þurfa að ræða málið við Steinunni og sofa á því. Með lokaundirbúning ferðalagsins sem viðfangsefni númer eitt komst málaletan Davíðs þó lítillga



Borgarstjórn Reykjavíkur eftir kosningarnar 1990. Fremri röð: Davíð Oddsson, borgarstjóri, Magnús L. Sveinsson, forseti borgarstjórnar og Páll Gíslason, varaforseti. Auk þeirra fyrir Sjálfstæðisflokkinn, í aftari röð: Katrín Fjeldsted, Guðrún Zoëga, Arni Sigfússon, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, Anna K. Jónsdóttir, Júlíus Hafstein, og Sveinn Andri Sveinsson. Í minnihluta: Ólína Þorvarðardóttir, Nýjum vettvangi, Sigrún Magnúsdóttir, Framsóknarflokki, Elín Ólafsdóttir, Kvemmalista, Kristín Á. Ólafsdóttir, Nýjum vettvangi, og Sigurjón Pétursson, Alþýðubandalagi.

undirstrikaði að ég ætlaði mér ekki hlutskipti Egils Skúla Ingibergssonar, borgarstjóra vinstri manna 1978-82, sem “var sóttur út í bæ” og sat umboðslaus og valdalaus á fundum borgarstjórnar og borgarráðs. Gaf ég Davíð upp símanúmerið á Hotel Novotel í Strasbourg, þar sem við hjónin ætluðum að dveljast og bíða tíðinda af flokksfundi Sjálfstæðisflokksins síðdegis þann 19. júní, þar sem gert skyldi út um málið endanlega. Þetta var svo mikið leyndarmál að við hjónin greindum ekki einu sinni börnunum okkar frá því hvað hugsanlega væri í vændum og enn síður að ég gæfi nokkrum samstarfsmanni mínum í RÚV neitt til kynna um það. Þetta var eitt best varðveitta leyndarmál sinnar tíðar, sem Davíð geymdi uppi í erminni. Við Steinunn áttum ágæta 5 daga á ferðalagi í bílaleigubíl um Luxembourg, Móseldalinn, Verdun í Frakklandi, Epinal og Colmar áður en við komum til Strasbourg. Okkur var oft hugsað heim og eftir því sem lengra leið vorum við búin að komast að þeirri niðurstöðu að auðvitað myndi borgarstjórnarflokkurinn leysa málið án okkar

aðkomu og vonuðum vitaskuld að vinur okkar Villi yrði fyrir valinu.

Þegar við komum á hótelið í Strasbourg bárust mér skilaboð um að séra Emil Björnsson, fyrrum fréttastjóri Sjónvarpsins, væri látinn og átti að jarðsetja hann fáeinum dögum síðar. Emil hafði verið mér góður lærifaðir og traustur yfirmaður á fyrstu árum Sjónvarpsins og ágætur samstarfsmaður í útvarpsráði og fyrsta árið sem ég var útvarpsstjóri 1985. Ég hóf þegar að skrifa minningargrein um Emil, sem síðan var send handskrifuð á faxi til Morgunblaðsins með viðkomu hjá ritara í Útvarpshúsinu. Þegar ég var í miðjum klíðum um sexleytið hringdi síminn. Þar var Davíð Oddsson, glaðhlakkalegur og greinilega hópur manna í kringum hann. Hann flutti mér innilegar árnaðaróskir. Ég væri orðinn borgarstjóraefni Sjálfstæðisflokksins og yrði það staðfest í borgarstjórn daginn eftir. Ég yrði líka formaður borgarráðs og borgarstjórnarflokksins, sem hefði einróma fallist á tillögur Davíðs. Síðar vildu nokkrir borgarfulltrúar flokksins alls ekki kannast við að svo hefði verið.



Það var fagurt um að litast í Petite France í Strasbourg þetta júníkvöld þegar okkur Steinunni bárust fregnir þangað um að ég hefði verið valinn borgarstjóraefni. Eftir símtöl að heiman var tilefni til að fara út að borða. Við áttum líka brúðkaupsafmæli.



Brottför mín úr Utvarpshúsinu var undirbúin í skyndi. Mér hafði þótt ánægjulegt að takast á við verkefni þar. Utvarpið og Sjónvarpið voru í góðri sókn eftir umtalsvert endurskipulagningarstarf. Þegar til mín var leitað um að breyta til þótti mér það áhugaverð áskorun.

Nýstaðinn upp frá minningarorðunum um Emil átti ég nú að skipta um takt og setja í gleðigírinn með Davíð og flytja honum og væntanlegum samstarfsmönnum mínum innilegt þakklæti fyrir traustið. Það yrði mikið ánægjuefni að fá að starfa með þeim.

Síðan kom Haraldur Blöndal í símann. Hann sagði mér frá því að niðurstöðu af fundinum hefði verið beðið með mikilli eftirvæntingu. Enginn hefði vitað hvernig leikar færur. Sumir voru vongóðir fram á síðustu stundu – og eiginlega lengur. Halli sagðist hafa hitt Ellert Schram í Austurstrætinu eftir fundinn og sagt honum tíðindin. Ellert hefði fölnað upp og ekki leynt vonbrigðum sínum. Þau áttu líka eftir að endurspeglast með ýmsu móti á síðum DV á næstu misserum, þar sem samverkafólk hans var einkar ötult við elta nýja borgarstjóránn uppi með hinum og þessum titlingaskít, sem gat komið manni illa væri hann settur í þann búning sem það sneið út frá sínum inngrónu pólitísku forsendum.

Svo að notuð sé alkunn og gömul afbökun á orðtökum má segja að ég hafi “komið eins og þjófur úr heiðskíru lofti” þetta miðsumarskvöld inn á vettvang borgarmálanna í Reykjavík sem nýr borgarstjóri. Kvöldið fór í að svara fjölmiðlum. Stefán Jón Hafstein hafði samband fyrir dægurmálaútarpið á Rás 2. Tíðindunum hafði auðvitað lostið niður sem eldingu í Efstaleitinu og Stebbi strax séð hilla undir það að hann settist sjálfur í útvarpsstjórástólinn. Morgunblaðið brást við fréttunum með sínu hátígnarlega jafnvægi eins og það gerðist best á þeim árum þegar Styrmir og Matthías, hinir miklu “king makers”, voru áhrifavaldar um hvaðeina sem gerðist í nafni Sjálfstæðisflokksins. Nú höfðu þeir bara ekkert verið hafðir með í ráðum og það gat haft sínar afleiðingar fyrir mig. Þegar horft er til baka get ég þó ekki kvartað undan Morgunblaðinu. Mér þótti þó leitt að blaðið var í hernaði gegn Ráðhúsinu fram á vígsludaginn. Ég fékk ekkert við það ráðið og stefna blaðsins í ráðhúsmálinu komin fram löngu áður en ég tók við sem borgarstjóri.

Í Róm sat ég fund EBU í boði Útvarps Páfagarðs, Radio Vaticana og var því sérstakur



Hans Heilagleiki Jóhannes Páll páfi II tók á móti forystumönnum evrópskra útvarps- og sjónvarpsstöðva á ársfundi EBU í Róm í júlí 1991. Þá höfðu örlög okkar verið ráðin í Reykjavík. Þegar við Steinunn tókum í hönd páfa og fluttum kveðjur frá biskupi Íslands, minntist páfinn heimsóknar sinnar til Íslands og um leið fór um hann kuldahrollur.

og eftirminnilegur bragur á móttökunum. Ráðstefnugestir gengu á fund Jóhannesar Páls páfa, sem árið áður hafði verið í opinberri heimsókn á Íslandi. Ólafur Skúlason, biskup, sem vissi af þessari fyrirhuguðu ferð minni, bað fyrir kveðjur til páfa. Þegar við Steinunn heilsuðum hans heilagleika, kynntum okkur og sögðum hvaðan við kæmum, tóku tennurnar í gamla manninum hreinlega að glamra um leið og hann stundi upp úr sér: “Oh, Iceland” og neri höndunum um leið. Hrollkaldar endurminningar höfðu greinilega rifjast upp í huga hans heilagleika frá útisamkomum á Þingvöllum og Landakotstúni, þar sem hitastigið hafði verið nálægt frostmarki á óvenjuköldu vori. Við fórum í margar kynnisferðir í boði gestgjafanna um Róm og nágrenni, m.a. til Castel Gandolfo, sumarhallar páfans. Í hádegisverðarboði þar fékk júgóslavneskur starfsbróðir minn upphringingu. Hann kom aftur náfölnur að borðinu og tjáði okkur að vopnuð átök væru hafin í heimalandi sínu og hann yrði að halda heim þegar í stað. Þetta voru fyrstu tíðindi af þeim mikla hildarleik, sem háður var á komandi árum á Balkanskaganum.

Heimkoma okkar til Íslands var öllu friðsamlegri. Í hönd fóru nokkrir vinnudagar í Útvarpshúsinu í nýju skrifstofurými sem tekið var í notkun á 5. hæðinni. Þar með gátu stjórnunardeildir flutt af 2. hæðinni, af svæði, sem gert var ráð fyrir að fréttastofa Sjónvarpsins flytti fljótlega í. Eins og gengur voru ýmis afgreiðslumál, sem ég þurfti að ljúka áður en ég kveddi. Í heildina var ég sáttur með stöðu mála hjá Ríkisútvarpinu og það sem áunnist hafði undanfarin 6 ár í útvarpsstjóratið minni. Það fannst mér líka endurspeglast í skilnaðarorðum sem til mín voru mælt í kveðjusamsætum á þessum tímamótum. Ég skrifaði síðan bréf til Ólafs G. Einarssonar, menntamálaráðherra, með beiðni um lausn frá æviráðningunni í embætti útvarpsstjóra. Sá möguleiki var auðvitað fyrir hendi að æskja leyfis án launa eins og algengt er í stjórnsýslu ríkisins og menn hafa iðulega gert þegar þeir hafa haldið stöðum sínum meðan þeir gegndu öðrum trúnaðarstörfum. Ég kaus hins vegar að hafa hreinar línur þó að mikil áhætta gæti fylgt slíkri ákvörðun og hún gat komið manni í koll atvinnulega séð síðar meir. Maður yrði þá bara að taka því.



Austurstræti 16 í Reykjavík. Þar voru skrifstofur Reykjavíkurborgar til húsa frá 1929 til 1991, þar á meðal skrifstofa borgarstjórans. Húsið var byggt 1917 eftir brunann mikla í miðbæ Reykjavíkur. Guðjón Samúelsson teiknaði húsið, sem gjarnan var kennt við verslunarfyirtækið Nathan og Olsen eða Reykjavíkurapótek, sem hafði aðsetur í húsinu frá 1930.

Næstu daga var hugað að undirbúningi borgarstjóraskiptanna sem fram fóru á skrifstofu borgarstjóra í Austurstræti 16, húsi Reykjavíkurapóteks, hinn 16. júlí. Þar tók ég við lyklakippu úr hendi Davíðs Oddssonar og í dagblöðum var haft eftir mér að ég vissi að “starfið væri erfitt og krefjandi”. Fyrstu tíðindi af borgarstjóranum í embætti komu í fjölmiðlum daginn eftir þegar ég hafði óskað eftir fundi með Böðvari Bragasyni, lögreglustjóra, um ófremdarástand í miðbænum um helgar. Keyrt hafði um þverbak nokkrar helgar þá undanfarið og þurfti greinilega að taka til hendinni til að bregðast við þessum ósóma, sem hafði verið látinn viðgangast alltof lengi. Herskarar drukkinna unglunga fóru sínu fram með skrílslátum og rúðubrotum í verslunum án þess að lögreglan virtist fá rönd við reist. Meðal annars fór ég í gönguferð með varðstjórnum frá miðbæjarstöðinni sem þá var í Tollhúsinu til að skoða aðstæður eftir miðnætti á laugardagskvöldi. Þeir þekktu ástandið manna best og voru fróðastir til leiðsagnar. Þessi vettvangsrannsókn fór fyrir brjóstið á sumum fjölmiðlum sem létu í veðri vaka að borgarstjórinn hefði ekki þorað að fara um götur borgarinnar öðru vísi en í fylgd lögreglu!

Afgreiðslutími veitingastaða í miðbænum var mun skemmri en síðar varð. Veitingamenn og lögregla kvörtuðu yfir því að allir staðirnir lokuðu á sama tíma og fólk streymdi þá út á göturnar og gæti hvorki fundið náðhús til að létta á sér ef það var í miklum spreng eftir bjórþambið, né leigubíl til að komast heim. Ómar Einarsson, framkvæmdastjóri ÍTR, varð nokkurs konar aðgerðastjóri fyrir hönd borgarinnar enda treysti ég honum manna best til slíkra átaksverkefna eftir farsælt samstarf á fyrri borgarstjórnarárum mínum. Í samráði við leigubílastöðvar og veitingamenn var leitast við að koma á skipan sem bætti ástandið og kæmi í veg fyrir þennan mikla mannsöfnuð, m.a. með því að ríkt yrði gengið eftir því að fólk hefði ekki veitingar með sér út á götu, sett yrðu upp bráðabirgðanáðhús á nokkrum stöðum og ferðir leigubíla gerðar greiðari og skipulögðum biðstöðvum fyrir þá komið upp. Nokkrir fundir voru haldnir vegna



Fyrsti vinnudagurinn minn á skrifstofu borgarstjóra, 16. júlí 1991. Davíð Oddsson afhenti mér lykjavöldin að viðstöddum fréttamönnum blaða og sjónvarpsstöðva.

Þessara mála með lögreglunni, meðal annars á skrifstofu lögreglustjóra í lögreglustöðinni við Hverfisgötu. Ég lét hreinskilnislega í ljós þá skoðun mína að lögreglan þyrfti að sýna meiri festu í viðureign við verstu ólátabelgina. Í hópnum væru drukknir óeirðaseggir, sem vildu fyrirfram koma af stað óspektum eða vinna spellvirki, og lögreglan gæti ekki látið þá fara sínu fram. Þá brást lögreglustjórinn við með því að standa upp, ganga að glugganum, benda á stór skilti DV á húsakynnum þess blaðs uppi í Þverholti. “Peir þarna halda hlífiskildi yfir óeirðaseggjunum með því að ráðast í fréttum sínum stöðugt á lögregluna ef hún beitir hörku í viðskiptum við þá,” sagði Böðvar miður sín. Lögregluþyriföldin höfðu sem sé bagnað fyrir uppsláttarfyrirsögnunum um “lögregluofbeldið”, sem áttu að selja DV. Það þótti mér afleitt að heyra.

Þegar ég mætti fyrst á borgarstjóraskrifstofuna til að undirbúa borgarstjóraskiptin mætti mér haugur af óopnuðum bréfum og öðrum pappírur á skrifborði borgarstjórans. Davíð Oddsson hafði verið upptekinn við að mynda ríkisstjórn í Viðey og sinna öðrum veigamiklum málum uppi í Stjórnarráði, nýbakaður forsætisráðherrann. Það var því fjöldi mála sem beið afgreiðslu á borði borgarstjórans. Þeir Hjörleifur B. Kvaran,

framkvæmdastjóri stjórnisýslusviðs og Jón G. Tómasson, borgaritari, voru mér til halds og trausts við fyrstu embættisfærslurnar, báðir tveir framúrskarandi hæfir stjórnendur, mjög tillögugóðir og glöggir á að finna lausnir á flóknum málum. Upp til hópa voru starfsmenn borgarinnar traustir og drífandi, og höfðu metnað til að ná settum markmiðum um farsæla og skjótvirka afgreiðslu mála í þágu íbúa borgarinnar.



Eftir stuttan fund okkar Davíðs í upphafi fyrsta vinnudags míns skunduðum við ásamt nokkrum embættismönnum út í Ráðhúsið við Tjörnina, þar sem mér var gerð grein fyrir gangi framkvæmda.



Starfsemi borgarskrifstofanna var á hæðunum þremur en apótekið var á jarðhæðinni. Í risi var fundarherbergi borgarráðs og mótuneyti. Fundir borgarstjórnar voru haldnir hálfsmánaðarlega í fundarsalnum í Skúlatúni 2.

Það var markmið mitt að erindi til borgarinnar væru afgreidd skjótt og skipulega. Eitt talandi tákni um þetta var Ragnheiður Magnúsdóttir, rödd borgarinnar út á við, svaraði í símann á skiptiborðinu og leiðbeindi fólki um víðáttur kerfisins en var jafnframt öðrum hæfari til að ná samböndum í skothvelli við aðila sem borgarstjóri eða aðrir embættismenn þurftu að ná tali af úti um alla borg, landið allt eða erlendis.

Næstu dagar voru notaðar til ferða í hinar ýmsu stofnanir borgarinnar, til að heimsækja vinnustaðina, þar sem borgarframkvæmdir stóðu yfir, og funda með félögum mínum í borgarstjórnarflokki Sjálfstæðisflokksins, hverjum og einum á einkafundi. Þeir voru í forsvari fyrir hinum ýmsu málaflokkum og allir höfðu þeir metnað fyrir sín verkefni, sem þeir vildu að gengju hnökralaust eftir, ekki síst þær framkvæmdir og aðrar aðgerðir, sem settar höfðu verið á oddinn á lofordalista fyrir kosningarnar um vorið 1990. Samstarf mitt við Árna Sigfússon og Vilhjálmi P. Vilhjálmsson þróaðist ágætlega. Ég þekkti þá vel af samstarfi og vináttu til margra ára. Þeir voru örugglega ekki ánægðir með sitt hlutskipti en því var haldið til hliðar enda meðvitaðir um að pólitíkin væri kenjött og óútreiknanleg. Enn síður hafði Katrín Fjeldsted tekið gleði sína eftir að Davíð gerði tillögu um mig. Hún sagði mér hreint út, að hún hefði ekki samþykkt hana og viljað absalútt kosningu milli kjörinna borgarfulltrúa. Var það andstætt frásögn Davíðs, sem sagði að allir borgarfulltrúar og varaborgarfulltrúar hefðu samþykkt útnefningu mína einum rómi. En þetta var búið og gert.

Við Katrín áttum að geta rætt málin af hreinskilni og unnið saman. Hún kom með skyndilegum hætti inn á framboðslista okkar 1982 og var sett í öruggt sæti án þess að hafa tekið þátt í prófkjöri eins og aðrir. Mæltist það misjafnlega fyrir. Ég kunni vel við Katrínu þá. Hún var hæf til ábyrgðarstarfa og glaðlynd að eðlisfari, sem var góður kostur í erilsömum verkum. Magnús L. Sveinsson var samstarfsmaður minn til langs tíma, farsæll í forseti borgarstjórnar, heilsteyptur og fylginn

MORNINGBLAÐIÐ FIMMUDAGUR 24. MAÍ 1990 23

KOSNINGALOFORÐ SJÁLFSTÆÐISMANNA

Almenn stefnumál Sjálfstæðisanna í Reykjavík hafa komið fram í fjölmörgum greinum framhjödenda flokksins að undanfarinu en hér eru nokkur kosningaloforð:

- Engir skattar borgarinnar verða hækkaðir
- Lokkið verður við Grandaskóla 1991
- Reistar verður nýr skóli í Hamrahverfi
- Reist verður íþróttahúsi í Grafarvogi
- Opnað verður sundlaug í Arðarhverfi
- Sett verður snjóbærslukerfi í allar götur í miðbænum
- Reist verður hjúkunarheimili fyrir eldrið í Grafarvogi
- Gerð verður þjónustumiðstöð fyrir eldrið í Arðarhverfi
- Gerðar verður golfvallar í Gufanesi
- Lokkið verður við umhverfi hjarnar og miðsvæðis í Seljaverfi
- Röðhis verður vígi 14. apríl 1992, kl. 15.00
- Gerð verður göngubrot við vestanverða Reykjavíkurljórn
- Opnað verður Ertaösn á Korpólissstöðum
- Byggð verður félagsalma við Hlíðaskóla
- Byggð verður íþrótt- og raumgreinadala við Artúshelstakóla
- Lokkið verður samtengingum allra útírsna heitarsa í borginni
- Kamið verður upp vísi að skemmtigarði fyrir yngstu borgaræna við Hlíð Hósdýragarðsins í Laugardal
- Settar verða upp barnskólabyltur í Breiðholti, í Arðar og í Grafarvogi
- Opnað verða 10 ný dagvistarheimili
- Ákvörðun tekin um fyrirkomulag greiðsla til foreldra sem kjösa að annast börn sín á dagvistarstæði heima.
- Stofnaður verður lánasjóður fyrir þá sem breyta vilja húsnæði sínu til að bærta aðgengi fallaðra
- Byggð verða 15 hús með um 100 íbúðum og þjónustumiðstöð fyrir eldrið á horni Skólavíðis, Vítungis og Hverfisgötu
- Hafinn verður annar átangi Nesjavallavirkunar
- Aftan verður tryggt að löðframbóð svari eftirspurn
- Lofað þessi verða birt á ný vorið 1994 svo menn geti sannaeynt eftirnar

Kosningaloforð sjálfstæðisanna fyrir borgarstjórnarkosningar 1986 og hverisig þau voru eftir:

SKYRDETTI SJÁLFSTÆÐISMANNA	EFNDIR
Engir skattar borgarinnar verða hækkaðir	✓
Lokkið verður við Grandaskóla 1991	✓
Reistar verður nýr skóli í Hamrahverfi	✓
Reist verður íþróttahúsi í Grafarvogi	✓
Opnað verður sundlaug í Arðarhverfi	✓
Sett verður snjóbærslukerfi í allar götur í miðbænum	✓
Reist verður hjúkunarheimili fyrir eldrið í Grafarvogi	✓
Gerð verður þjónustumiðstöð fyrir eldrið í Arðarhverfi	✓
Gerðar verður golfvallar í Gufanesi	✓
Lokkið verður við umhverfi hjarnar og miðsvæðis í Seljaverfi	✓
Röðhis verður vígi 14. apríl 1992, kl. 15.00	✓
Gerð verður göngubrot við vestanverða Reykjavíkurljórn	✓
Opnað verður Ertaösn á Korpólissstöðum	✓
Byggð verður félagsalma við Hlíðaskóla	✓
Byggð verður íþrótt- og raumgreinadala við Artúshelstakóla	✓
Lokkið verður samtengingum allra útírsna heitarsa í borginni	✓
Kamið verður upp vísi að skemmtigarði fyrir yngstu borgaræna við Hlíð Hósdýragarðsins í Laugardal	✓
Settar verða upp barnskólabyltur í Breiðholti, í Arðar og í Grafarvogi	✓
Opnað verða 10 ný dagvistarheimili	✓
Ákvörðun tekin um fyrirkomulag greiðsla til foreldra sem kjösa að annast börn sín á dagvistarstæði heima.	✓
Stofnaður verður lánasjóður fyrir þá sem breyta vilja húsnæði sínu til að bærta aðgengi fallaðra	✓
Byggð verða 15 hús með um 100 íbúðum og þjónustumiðstöð fyrir eldrið á horni Skólavíðis, Vítungis og Hverfisgötu	✓
Hafinn verður annar átangi Nesjavallavirkunar	✓
Aftan verður tryggt að löðframbóð svari eftirspurn	✓
Lofað þessi verða birt á ný vorið 1994 svo menn geti sannaeynt eftirnar	✓

Borgarstjórnarkosningar 26. maí 1990

Sjálfstæðismenn gættu þess vel að efna lofordin, sem þeir gáfu Reykvíkum í aðdraganda borgarstjórnarkosninga.

sér. Aðrir fyrrum samstarfsmenn mínir í borgarstjórn voru þarna enn í margvíslegum ábyrgðarstörfum fyrir bogarstjórnarflokkinn; Hilmar Guðlaugsson, Jóna Gróa Sigurðardóttir, Anna K. Jónsdóttir, Guðmundur Hallvarðsson og Hulda Valtýsdóttir, öll sómafólk, sem ég treysti fullkomlega. Páll Gíslason var gamall samstarfsmaður. Hann hafði haft mikinn metnað í að verða forseti borgarstjórnar eftir að ég lét af því starfi 1985, fór í fýlu þegar Magnús L. varð fyrir valinu, og ég vissi aldrei hvar ég hafði hann. Páli var hafnað í prófkjöri 1994. Hann átti þá óuppgerðar sakir við mig og fleiri samherja sína. Kom það allt skilmerkilega fram í bók sem hann ritaði löngu seinna og ber mér þar ekki vel söguna. Svo var komið til skjalanna nýtt og yngra fólk sem ég þekkti ekki fyrir. Sveinn Andri Sveinsson var í þeim hópi, sömuleiðis Ólafur F. Magnússon, Margrét Theódórssdóttir, Katrín Gunnarsdóttir og Sigríður Sigurðardóttir. Ég átti ágæt samskipti við þau öll.

Það var komin hefð á það að Sjálfstæðismenn auglýstu helstu kosningaloforð sín sem sett voru fram á hnitmiðaðan og auðskilinn hátt í dagblöðum. Við lok kjörtímabilsins birtust auglýsingar um efndirnar. Staðið var við öll loforð eins og borgarþátttakar gátu sannreynt. Margt af framkvæmdum á nýjasta loforðalistanum var þegar komið á fullan skrið áður en ég kom að málum, og borgarfulltrúarnir ætluðu að sjá hann ganga upp áður en þeir sjálfir byðu sig næst fram í prófkjöri fyrir kosningarnar 1994. Ég þekkti þennan lista og taldi þetta hina verðugustu málefnskrá, með nokkrum undantekningum þó. Ég hafði t.d. ekki minnstu sannfæringu fyrir hinum svonefndu heimgreiðslum sem lofað var til foreldra sem dagvistunarúrræði og varð því fegnastur að sjá töfina sem á framkvæmd þeirrar stefnu varð vegna þess að erfiðlega gekk að finna útfærslu á skattalegum atriðum. Innst inni var ég andvígur þessu útspili. Frá fyrri tíð hafði ég aðhyllt örari uppbyggingu dagvistarstofnana, niðurfærslu á skólaaldri og þroskavænlegri dvöl barnanna frá unga aldri í hópi jafnaldra sinna með menntuðum fóstrum eða kennurum. Ég beitti mér fyrir tilraun með skólakennslu fyrir fimm

ára börn, þegar ég varð formaður fræðsluráðs 1982. Ennfremur kom mér spáskt fyrir sjónir hve höfðinglega átti að standa að endurgerð Korpúlfsstaða í þeim eina tilgangi, að því er virtist, að hýsa þar málverkagjöf Errós. Mér fannst alltaf liggja í augum uppi að þarna hlyti að verða Errósafn að hluta en ekki síður alhliða menningarmiðstöð fyrir nærliggjandi hverfi og borgina í heild eins og dæmi var þegar um í Gerðubergi í Breiðholti.



Skrifstofa borgarstjóra var á þriðju hæðinni, með góðu útsýni yfir Austurvöllinn og til Alþingishússins.



Það voru margir sem hringdu og báru fram góðar óskir mér til handa.



Eitt fyrsta viðfangsefni mitt var opnun útivistarsvæðis fyrir almenning á móti sól í Thorvaldsensstræti í stað göngugötunnar í Austurstræti.



Pétur Sveinbjarnarson og Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson færðu mér metnaðarfullar tillögur stjórnar Próunarfélags Reykjavíkur um margvísleg verkefni handa borginni.

Loforðalistinn frá því í kosningabaráttunni vorið 1990 stóð fyrir sínu í góðu árferði en hann setti miklar kvaðir í upphafi og endann ef eitthvað brygði út af í fjármálum borgarinnar og sæmilegu efnahagsástandi. Í byrjun var því heitið að engir skattar borgarinnar yrðu hækkaðir og í lokin að listinn yrði aftur birtur vorið 1994 svo fólk gæti merkt við fullt hús af efdum loforðum eins og reyndin var um loforðalistann í lok kjötímabils 1990. Til viðbótar verkefnum á loforðalistanum voru ýmsar aðrar stórfrekvæmdir í gangi, t.d. lagning Geirsgötu og endurgerð hafnarbakkans þar.

Meðal fyrstu atriða á dagskrá hjá mér var endurkoma í Valhöll og í hið pólitíska starf Sjálfstæðismanna í borginni. Minnisstæður er mér fyrsti fundurinn af því tagi sem ég sótti með ungum félögum í Heimdalli. Mér var ljóst að þar fóru ekki eindregnir stuðningsmenn heldur litu margir mig hornauga eftir veru mína í Ríkisútvarpinu og metnað minn fyrir hönd þeirrar stofnunar, sem ýmsir viðstaddra vildu leggja niður eða selja í pörtum. Það var annars meiri söluáráttan sem gagntekið hafði þennan hóp. Mikill stýrr hafði staðið þetta sumar um framtíð göngugötunnar í Austurstræti, þessa smásneið af umferðarkerfi miðborgarinnar, hvort opna ætti hana aftur fyrir bílaumferð eða hvað eiginlega ætti til bragðs að taka vegna hnignandi miðborgar. Kjartan Magnússon, formaður Heimdallar, spurði hvort ekki væri rétt að bjóða göngugötuna út! Eftir mikið japl, jaml og fuður á vettvangi borgarstjórnar og í hópi borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, þar sem þetta mál hafði valdið ágreiningi og töluverðum núningi milli manna, náðist á endanum samstaða um að opna göngugötu í Thorvaldsensstræti við norðurhluta Austurvallar og leyfa fólki að vera sólaráhrifin í borgarlífinu fremur en í Austurstrætinu, hálfskyggðu meginhluta ársins.

Smám saman áttaði ég mig á að málefni miðbæjarins voru farin að fá sérmeðferð utan borgarkerfisins í Próunarfélagi Reykjavíkur, sem sá mikli dugnaðarforkur Pétur Sveinbjarnarson var framkvæmdastjóri fyrir. Það voru fyrirtæki og ýmsar stofnanir eins

og bankarnir, sem áttu aðild að því, og í stjórn þess sátu líka borgarráðsmennirnir, þeir Árni Sigfússon og Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson fyrir hönd meirihluta Sjálfstæðisflokksins.

Ályktanir og fyrirgreiðsluerindi bárust í stríðum straumum frá skrifstofu félagsins og Vilhjálmur og Árni fluttu þau inn á vettvang okkar í borgarstjórninni nærri því eins og allt væri þetta frágengið, klappað og klárt af því að stjórn samtakanna hafði fjallað um málið. Hugmyndirnar voru athyglisverðar eins og til dæmis gjörbreyting á Hafnarhúsinu fyrir verslunarrekstur og yfirbyggt torg með glerþaki

inni í portinu. Engin fjárveiting var til verksins. Þetta var stórframkvæmd og dýr eftir því, sem mætt var af miklum semingi vægast sagt hjá eiganda hússins, sem var Reykjavíkurböfn og hafnarstjórn. Fjárhagsstaðan leyfði ekki slíka viðbót. Sú forgangsástaða, sem stjórnarmennirnir í Þróunarfélaginu nutu fyrir málefni sín, mæltist illa fyrir hjá ýmsum borgarfulltrúum Sjálfstæðisflokksins, þar á meðal Katrínu Fjeldsted og gagnrýndi hún verklagið, sem viðhaft var í samskiptum félagsins við borgaryfirvöld. Var ég sammála henni um það.



Þrýðisgóð vinnuástaða. En borgarstjórastarfið var ekki skrifborðsvinna, 9-5. Það fór fram um alla borg á ýmsum tímum.



Kunnustu mannvirki um allan heim hafa haft tilhneigingu til að fara fram úr upphaflegum kostnaðaráætlunum. Þetta gildi líka um Perluna. Þar hefur farið fram fjölbætt starfsemi, sem aðallega gagnast erlendum gestum.



Af útsýnissvölum Perlunnar gefst einstakt tækifæri til að virða fyrir sér Reykjavík og allt höfuðborgarsvæðið auk fjallanna í kring.

Allt gekk ljómandi vel fyrstu vikurnar á borgarstjórástólnum þar til einn morguninn í ágúst að þeir Jón Tómasson, borgarritari og Eggert Jónsson, borgarhagfræðingur, tilkynntu mér þau válegu tíðindi að heildarkostnaður við byggingu Perlunnar væri kominn verulega fram úr áætlun. Við nánari úttekt kom fram, að kostnaðurinn var kominn tæplega 200 milljónir eða 23% fram yfir það sem endurskoðuð kostnaðaráætlun frá í apríl hafði sagt til um. Davíð Oddssyni var gerð grein fyrir málinu á fundi en hann taldi að málið þyldi bið til gerðar næstu fjárhagsáætlunar í desember. Borgarritari og borgarhagfræðingur töldu að það þyldi enga bið vegna þess að lausafjárstaða

Gengid r

Hitaveitunnar væri bágborin. Á fundi sem ég boðaði með þeim Jóni og Eggert ásamt hitaveitustjóra og Jóhannesi Zoëga, fyrrum hitaveitustjóra, sem var verkefnisstjóri við Perluna, var ljóst að þessi staða kom þeim gjörsamlega í opna skjöldu og hafði menn ekki órað fyrir að ástandið væri svona slæmt. Þetta voru reikningar fyrir hin og þessi verkefni, m.a. hljóð- og myndnýningakerfi ásamt greiðslum til arkitekta og annarra hönnuða. Þeir höfðu verið einhvers staðar í pípunum. Ég gat ekki dulið megna óánægju mína með þennan augljósa skort á innra eftirliti með fjárreiðum Hitaveitunnar og taldi fulla ástæðu til að fela borgarendurskoðanda að framkvæmda stjórnsýsluathugun hjá veitunni.

Þessi framúrkeyrsla í Öskjuhlíðinni íþyngdi borgarsjóðnum töluvert því að hann þurfti að taka á sig aukinn yfirdrátt sem þessu nam. Mér þótti leitt að Jóhannes Zoëga, sá mæti maður og hitaveitustjóri á mesta uppbyggingarskeiði veitunnar, skyldi blandast í þetta. Fram komu augljósir hnökrar á samstarfi í forystu fyrirtækisins. Guðrún Zoëga, verkfræðingur, dóttir Jóhannesar, var borgarfulltrúi og

varaformaður stjórnar veitustofnana, sem fór með málefni Hitaveitunnar, og var það ekki til að gera málið einfaldara. Hún hafði greinilega horn í síðu Gunnars Kristinssonar, hitaveitustjóra, og hafði hvatt mig til að reka hann sem ég hafði engar forsendur til. Það var greinilega yfirhiti á þessu kærleiksheimilinu og bætti það ekki úr skák.

Það stefndi auðvitað í að taka yrði lán til lengri tíma í stað þess að bæta stöðugt við yfirdráttarlán með ofurvöxtum hjá Landsbankanum. Yfirdrátturinn í árslok 1991 stefndi í að verða 1700 milljónir í stað 1300 eins og Davíð Oddsson hafði skýrt mér frá áður en hann lét af störfum. Páll Gíslason, borgarfulltrúi, formaðurinn í stjórn

leyti að fylgja eftir stefnumörkum okkar sjálfstæðismanna frá kosningunum 1974 með “Grænu byltingunni” svokölluðu. Gangstígurinn meðfram Ægisíðu inn í Skerjafjörð var tekinn í notkun. Fjölskyldugarðurinn í Laugardal var opnaður í júní 1993. Sundlaugin í Árbæ var mikið framfaraspor og ný stúka og flóðlýsing á Laugardalsvellingnum einnig. Margir nýir skólar, dagheimili og íþróttamannvirki voru tekin í notkun þann tíma sem ég var borgarstjóri, sérstaklega í nýju hverfunum í Grafarvogi, Árbæ og Breiðholti. Sömuleiðis heimili fyrir aldraða. “Hallærisplanið” svokallaða á horninu við Aðalstræti og Austurstræti og allur sá reitur var tekinn til endurskipulagningar og settur í hönnunarsamkeppni. Útkoman var

ösklega til verks

veitustofnana, sagðist alltaf hafa lagt að Davíð að taka nýtt lán meðan Perlan var í byggingu. Aðrir borgarfulltrúar þögðu þunnu hljóði enda þótt póltíska ábyrgðin væri vitaskuld þeirra. Nú var hún orðin mín. Einn af fyrirliðunum í fulltrúaráði sjálfstæðisfélaganna í Reykjavík spurði: “Var nú ekki hægt að sópa þessu undir teppið fyrst um sinn?”. “Það er ekkert teppi nógu stórt”, svaraði ég. Sumir úr foringjaliðinu voru engir perluvinir mínir eftir þetta hafari.

Þrátt fyrir óvæntar vendingar eins og alltaf má gera ráð fyrir í stjórnmalabaráttunni, voru mörg tækifæri til að fagna góðum áföngum í borgarstjóratíð minni. Sumar af stórfamkvæmdunum voru lítt sýnilegar, því að þær huldust neðanjarðar. Þar á ég við stórfellt átak í fráveitumálum borgarinnar. Unnið var að lokun úreltra frárennslisstúta í fjörborðinu meðfram endilangri suðurströndinni og mikil stofnræsi látin koma í staðinn, sem fluttu frárennslisli að dælustöðvum og síðan að fullkominni hreinsi- og dælustöð við Ánanaust þaðan sem skólpinu var dælt eftir forhreinsun tæpa tvo kílómetra út í sjávarstrauma. Stígagerð var í fullum gangi og vorum við þar að mörgu

Ingólfstorg, sem opnað var í byrjun desember 1993. Umhverfi Tjarnarinnar var betrubætt. Þannig mætti lengi telja.

Mikil gróska var í framkvæmdum íþróttafélaganna í borginni með stuðningi borgaryfirvalda. Snemma á embættisferli mínum fóru forráðamenn íþróttafélaganna að koma á minn fund og herma upp á ýmsa borgarfulltrúa að þeir hefðu við ýmis tækifæri gefið loforð um að byggja íþróttahús eða nýjan fótboltavöll fyrir þetta eða hitt félagið. Gjarnan hefðu hinir kjörnu fulltrúar verið í örlætisskapinu á góðri stund á stórafmælum, árshátíðum eða herrakvöldum íþróttafélaganna. Síðan var gengið eftir því að ráðandi menn stæðu við orð sín. Víkingur hafði fengið úrlausn sinna mála í Víkinni í Fossvogsdal. Nokkurt stríð stóð um það hvort yrði næst í stórfamkvæmdum, Fram í Safamýri eða Fylkir í Árbæ. Þróttur var líka í biðstöðu og KR einnig. Og Valsmenn hugsuðu stórt um áframhaldandi framkvæmdir við Hlíðarenda. Þegar öll spil voru lögð á borðið reyndist það fjöldinn allur af félögum og klúbbum sem þurfti að fá mismikla úrlausn sinna mála.

Mikil gróska í alhl



Nemendur í Ártúnsskóla tóku fagnandi á móti mér þegar ég mætti með skófluna og tók fyrstu skóflustungu að íþróttahúsi við skólann.



Húsaskóli tók til starfa. Í eldri skólum var bætt við húsnæði og aðstaða bætt. Sérstakt átak var gert í endurbótum á skólalóðum í hverfum borgarinnar.

líða framkvæmdum



Framkvæmdir voru hafnar við Rimaskóla í Grafarvogi.



Nýr leikskóli, Brekkuborg í Húsahverfi. Á kjörtímabilinu voru 10 nýir leikskólar byggðir fyrir um 1400 börn.



Um sumarið 1991 tók ég fyrstu skóflustungu að fjölskyldugarðinum í Laugardal, sem skipulagður var í framhaldi af húsdýragarðinum. Þessi framkvæmd varð mjög til að efla tækifæri til útivistar og góðrar afbreytingar fyrir fólk á öllum aldri. Sannkallaður vettvangur allrar fjölskyldunnar miðsvæðis í borginni.



Því beitti ég mér fyrir því að gerðir voru samningar milli borgarinnar og íþróttafélaganna og verkefnum stillt upp í tímaröð, miðað við áætlaða getu bogarinnar til fjárveitinga í slík verkefni. Man ég eftir miklum hrópum sem á mér dundu á opnum fundi í Árbæjarhverfinu þegar ég benti á að hverfisbúar væru nýbúnir að fá glæsilegustu sundlaug borgarinnar en íþróttahús fyrir Fylki yrði því miður að bíða um sinn. Vissi ég ekki hvert hinir sportlegustu ætluðu að komast yfir þessari ósvífni borgarstjórans.

En þannig var þetta, og oftár en ekki kom það svo í ljós, að íþróttafélögin réðu mörg lítið sem ekkert við reksturinn á þessum mannvirkjum og þurftu að ganga æ lengra á bónavegi sínum að borginni. Oft var ýjað að því, að borgarstjóra og borgarfulltrúum sem hygðu á endurkjör, veitti líklega ekkert af atkvæðum viðkomandi félagsmanna þegar kæmi að prófkjöri eða kosningum. Einu sinni gengu forráðamenn íþróttafélags á minn fund til að herja út rekstrarstyrk. Það var rökstutt með því að einum af forráðamönnum einnar félagsdeildarinnar hefði orðið á í messunni og hann látið af störfum með einhver úppgerð peningamál, sem skiptu töluverðum fjárhæðum. Mér var spurn hvort þetta væri þá ekki mál sjálfrar aðalstjórnar félagsins að taka á og leysa. Nei, það tíðkaðist ekki að aðalstjórn félags væri að skipta sér af fjárreiðum einstakra deilda. Því var stjórnin komin á fund borgarstjóra að falast eftir meiri peningum frá borginni.

Annars var það furðulegt hve margir birtust á skrifstofunni hjá mér fyrstu vikurnar til að lýsa margháttuðum loforðum Davíðs eða borgarfulltrúa um fyrirgreiðslu, s.s. hinum og þessum úthlutunum á góðum lóðum eða kaupum á fasteignum, sem viðkomandi þurftu að koma í pening.

Ég fór yfir þessi mál með Davíð og allt var þetta orðum aukið. Eitt af þessum málum snerist um framtíð hins gamla Duus-húss á horni Aðalstrætis og Vesturgötu, þar sem verslun Geysis var til húsa. Ég beitti mér á endanum fyrir því að húsið yrði keypt fyrir upplýsingaþjónustu ferðamanna og sýningaraðstöðu. Tímabær ráðstöfun.



Það kom í minn hlut að opna fjölskyldugarðinn í Laugardal formlega hinn 24. júní 1993.



Með tímanum hefur fjölskyldugarðurinn þróast og tekið breytingum sem eitt helsta aðráttaraflíð í borginni.

Skólar og íþróttir



Unnið var við byggingu Grandaskóla og Selásskóla. Við ýmsa aðra skóla var íþróttahúsum og aðstöðu til félagsstarfs bætt við.



Húsin á Korpúlfsstöðum voru endurbyggð. Þar var útbúin aðstaða fyrir listafólk til vinnu og sýningarhalds auk félagsaðstöðu. Borgin gerði samning við Golfklúbb Reykjavíkur og fjármagnaði 18 holu golfvöll.

ofarlega á blaði



Lokið var síðustu áföngum við Hamraskóla.



Samningur við Fram undirritaður. Slíkir samningar um væntanleg framlög borgarinnar til framkvæmda við íþróttavelli og hús fram í tímann voru gerðir við flest íþróttafélögin.



Geysishúsið í Aðalstræti var keypt í því augnamíði að gera það upp og opna þar þjónustumiðstöð fyrir ferðamenn.



Áhersla var lögð á endurnýjun gatna, lagna og gangstétta í gamla miðbænum. Endurnýjunarstarfi gangi í Grjótaþorpínu.



Hugmyndin um að Jón Ólafsson, athafnamaður í Skífunni fengi að byggja kvikmyndahús við Listabraut, hlaut bráðan endi. Síðan hefur mikið vatn runnið til sjávar hjá Jóni.

Ein lóðaúthlutun olli drjúgum vangaveltum í borgarstjórnarflokknum, lóð á horni Listabrautar og Kringlumýrarbrautar, vestan við Verslunarskólann. Byggingafélagið Ármannsfell, sem var eitt hið öflugusta á þessum tíma, þurfti að tryggja sér ný verkefni og hafði Ármann Örn Ármannsson, framkvæmdastjóri þess, lengi haft augastað á henni og reyndar byggt fjölbýlishús þar við hliðina. Ármann Örn var mjög fylginn sér og hafði samband í tíma og ótíma til að reka á eftir og rifjaði upp meint loforð forvera míns og einstakra borgarfulltrúa. En þetta var pólitískt eldfimt mál. Sumir borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins voru algjörlega mótfallnir úthlutun og vitað var að andstæðingar flokksins í borgarstjórn myndu reka upp stríðsöskur og benda enn einu sinni á hagsmunatengsl milli Ármannsfells og Sjálfstæðisflokksins.

Meðan málið var enn í biðstöðu kom Jón Ólafsson, athafnamaður í Skífunni á minn fund og falaðist eftir lóðinni fyrir kvikmyndahús. Hann rak þá kvikmyndahúsið Regnbogann við Hverfisgötu. Í upphaflegum áætlunum um Nýja miðbæinn, sem síðar varð Kringlusvæðið, var einmitt gert ráð fyrir kvikmyndahúsi og enn hafði ekkert bólað á slíku áformi. Eftir stutta gerjun bar Jón málið enn upp á breyttum forsendum. Hann sagðist hafa viljrði Þorvarðar Elíassonar, skólastjóra Verslunarskólans, fyrir samstarfi sem byggðist á samnýtingu bíóhúsnæðisins til kennslu á daginn, líkt og gerðist hjá Háskólanum og Háskólabíói. Mér leist vel á þá hugmynd, bílastæðapörfin myndi líka auðleyst ef um samnýtingu yrði að ræða með Versló. Það ég borgarskipulag að skoða þennan möguleika.

Davíð Oddsson hafði þá samband og varaði mjög við Jóni vegna ósæmilegra viðskiptahátta af ýmsu tagi. Fannst mér dálítið mótsagnaskennt að sjá skömmu síðar mynd í Morgunblaðinu af þeim saman uppi í Valhöll, þar sem Jón var að afhenda Davíð nýjan geisladisk, sem Skífan hafði gefið út með hljóðrituðum ræðum Ólafs Thors. Var ekki annað að sjá en að vel færi á með þeim fjandvinum. En bíóáform Jóns urðu að engu. Þorvarður Elíasson ætlaði greinilega ekki að

hafa neitt samstarf við hann. Þorvarður sótti nú um lóðina fyrir stækkun Verslunarskólans. Það var mjög ásættanleg ráðstöfun að stuðla þannig að vexti þeirrar grónu menntastofnunar á svæðinu. Þess má geta að húsnæðismál Menntaskólans í Reykjavík voru í sama ólestri og verið hafði áratugum saman. Lög um verkefnaskiptingu ríkis og sveitarfélaga voru ekki til að einfalda málið. Beitti ég mér fyrir því að skólinn fékk til viðbótar virðulegt, gamalt hús á reitnum við Amtmannsstíg.

Vinnudagurinn hjá borgarstjóranum varð æ lengri. Hann hafði ekki sérstakan aðstoðarmann eins og síðar varð. Ég hafði löngum haldið því fram að borgarkerfið væri eins og vel smurð vél, þar sem borgarbúar fengju skjóta úrlausn sinna mála. Og því vildi ég viðhalda. Borgarráðsfundir voru í hádeginu á þriðjudögum og voru þar iðulega afgreidd milli 40 og 50 mál. Til undirbúnings þessum fundum þingaði borgarstjórinn með helstu embættismönnum allan morguninn. Þar var farið yfir stöðu einstakra mála og séð til þess að stofnanir í kerfinu gengju frá málum eins og fyrir þær hafði verið lagt. Á borgarráðsfundum voru margvíslegar álitserðir embættismanna í veigameiri málum lagðar fyrir til samþykktar eða synjunar. Strax daginn eftir fund borgarráðs voru bréf með tilkynningum um afgreiðslu á einstökum málum send út með undirritun borgarstjóra til þerra, sem erindi ráku gagnvart borginni og til forstöðumanna stofnana hennar. Embættismañnafundina, hina svonefndu “morgunfundi” sátu að jafnaði Jón G. Tómasson, borgarritari, Hjörleifur B. Kvaran, framkvæmdastjóri lögfræði- og stjórnsludeildar, Magnús Óskarsson, borgarlögmaður, Eggert Jónsson, borgarhagfræðingur, Gunnar Eydal, skrifstofustjóri borgarstjórnar, Jón G. Kristjánsson, starfsmannastjóri, Ólafur Jónsson, upplýsingafulltrúi, Þórður Þorbjarnarson, borgarverkfræðingur, Stefán Hermannsson, aðstoðarborgarverkfræðingur, Þorvaldur S. Þorvaldsson, forstöðumaður Borgarskipulags og Bergur Tómasson, borgarendurskoðandi. Ég bætti Ómari Einarssyni, framkvæmdastjóra Íþróttá- og

tómstundaráðs, á þennan lista til að fylgja eftir ýmis konar framkvæmdaatriðum, sem ég vildi finna skjóta lausn á og ekki voru beinlínis á verksviðsviði annarra viðstaddra.

Á þessum fundum kom oft fram núningur milli sviða. Þá voru embættismennirnir ekki síður á varðbergi gagnvart hinum pólitískt kjörnu fyrirliðum Sjálfstæðisflokksins í einstökum málaflokkum. Voru mér oft bornar fregnir af hinum og þessum loforðum, sem þeir voru að gefa út um allan bæ með fjárhagslegum skuldbindingum fyrir borgina, ellegar þá að þeir sætu og brugguðu mér vélráð. Þarna í embættismannahópnum voru ýmsir reyndir klækjarefir við borð og vildu örugglega reyna að deila og drottna þannig að ég tók þessu af hóflegri alvöru og sagðist ekki trúa fyrr en ég tæki á. Augu mín opnuðust þó æ betur fyrir því að talsvert var til í þessum áburði og varð það til þess að smám saman dró úr gagnkvæmu trausti milli mín og sumra borgarfulltrúanna. Það varð nánara samband milli mín og embættismañnanna, sem ég fól að undirbúa verkefnaáætlanir og tillögugerð í stað þess að flækja kjörnum ráðum og nefndum um of í málin á fyrstu stigum.

Oft flugu hnútur um borð á þessum embættismañnafundum. Liðið í Austurstrætinu og síðar Ráðhúsinu með Þróttarann Magnús Óskarsson, borgarlögmann, sem fyrirliða sótti fast að marki Skúlatúnsliðsins, það er verkfræðinganna hjá embætti borgarverkfræðings. Gerðust menn iðulega hávaðasamir á fundunum og skarst verulega í odda þegar fyrir lágu nýjar upplýsingar um framúreyðslu við stórframkvæmdirnar sem í gangi voru, enda var það næstum daglegt brauð og hreint ekki boðlegt. Í smáu sem stóru virtist mikið vanta á að áætlanir hefðu verið nógu vandaðar áður en ráðist var í stórtæk verkefni og svo bættist við að eftirlitið með framvindunni var oft bágborið. Aldrei var þetta jafngreinilegt og við byggingu Ráðhússins. Þegar verulega tók að síga á ógæfuhliðina útgjaldamegin vegna byggingar þess kom Stefán Hermannsson, sem hafði yfirsumsjón með verkinu, fram í sjónvarpsviðtali og skýrði það fyrir fréttamanni á táknrænan hátt hvernig

Göngustígar og



Göngustígur var lagður meðfram Ægisíðu og svo áfram inn í Skerjafförð. Stígurinn varð þegar mjög vinsæll meðal göngufólks, skokkara og hjóltreiddafólk, - alls almennings.



Dælustöð fyrir skólþ var tekin í notkun við Eiðisgranda. Hún varð hluti af viðamiklu fráveitukerfi til að hreinsa strendur borgarlandsins.

nýtt fráveitukerfi



Göngustígakerfið og aðrar aðgerðir urðu til að bæta til muna aðstöðu borgarbúa til hollrar útivistar allt árið.



Skólphreinsistöð og dælustöð var reist í Ananaustum. Dælir hún skólpinu langar leiðir á sjó út þar sem það berst lengra áfram með hafstraumum.



Skilti borgarskrifstofa tekið niður í Austurstræti 16. Með mér á myndinni er Magnús L. Sveinsson, forseti borgarstjórnar.



Starfsfólkið settist niður og fékk sér hressingu eftir að hafa pakkað niður fyrir flutninginn yfir í Ráðhúsið.

allra fyrstu kostnaðaráætlanir hefðu verið gerðar. Hann rétti fingurinn upp í vindinn. Fyrst var það Perlan, nú Ráðhúsið og reyndar var Errósafnið á Korpúlfsstöðum einnig á sömu hraðbraut umframkostnaðar, þó að það kæmi betur í ljós seinna. Minnihlutinn í borgarstjórn rak upp óp í hvert sinn sem nýjar tölur birtust um Ráðhúsið og kannski ekki nema von, því að það var hið eina sem hann kunnir. Þó fannst mér alltaf hálf falskt þegar Sigrún Magnúsdóttir, hin hagsýna kaupkona í versluninni Rangá, fór yfir reikningshaldið með hæfilegri hneykslan, hafandi einmitt verið í dómnefndinni, sem valdi tillöguna um þessa ráðhúsbyggingu úr nokkrum í verðlaunasamkeppni. Hins vegar hafði Davíð Oddsson viljað sjá allt aðra tillögu um hóflegri byggingu verða að veruleika, þó að hann beitti sér ekki í málinu og léti það sjónarmið sitt ekki koma fram. Þó að blikur væru á lofti var útilokað að stöðva framkvæmdir við ráðhúsið haustið 1991. Það hefði þýtt uppsagnir fjölda starfsmanna í versnandi atvinnuástandi og framkvæmdin skilin eftir hálfkörüð, að öllum líkindum í nokkur ár, á viðkvæmum stað í miðborgarmyndinni, auk þess sem kosningaloforðið um vígsludag hússins hinn “14. apríl 1992 kl. 15” var hinum kjörnu fulltrúum Sjálfstæðisflokksins heilagt mál. Það mátti ekki svíkja. Við vorum komin yfir “point of no return” í þessu máli eins og þeir segja í fluginu um flugtakið af brautinni.

Ráðhúsið var hin glæsilegasta bygging og vandað í alla staði. Lof var borið á það í erlendum fagritum fyrir glæsilegan arkitektúr og framúrskarandi handbragð íslenskra fagmanna hvað alla smíð innanhúss varðaði. Sömuleiðis voru úrlausnir í lagnamálum mjög rómaðar. Allt var þetta gott og blessað en ég sat uppi með reikninginn, aukinn yfirdrátt í Landsbankanum vegna kostnaðar umfram áætlun. Var nú svo komið að ýmsir samherjar í stjórnámálum voru farnir að votta mér samúð mína með að þurfa að bera ábyrgð á þessum ákvörðunum, sem teknar voru löngu áður en ég settist á borgarstjórnastól. Í umræðum í borgarstjórninni hafði ég hins vegar lítinn stuðning af samherjum mínum. Ráðhúsið var vígt á tilsettum tíma með góðum tilþrifum. Um



Eftir langar og illvígar deilur höfðu Reykvikingar nú loksins eignast ráðhús á besta stað í miðri borg.

morguninn var ég í beinni útsendingu á Rás 2 af brúnni við húsið austanvert. Þar var ekki beinlínis tækfærið til að hefja fagnaðarsöng því

megininntakið í spurningum dagskrármannsins var efni leiðara Dagblaðsins-Vísis og Morgunblaðsins af þessu tilefni:

Ritstjórnargrein í Dagblaðinu-Vísi, 13. apríl 1992:

Morgunblaðið skrifar snarpan leiðara um ráðhúsið í gær og minnir á að deilur hafi staðið lengi um þetta hús og staðsetningu þess. Blaðið bætir því síðan við að Davíð Oddsson hafi tekið af skarið „og fékk ákvörðun sína og meirihluta borgarstjórnar staðfesta með glæsilegum sigri í borgarstjórnarkosningunum 1990“. Þetta má til sanns vegar færa. En þá er líka á það að minna að meirihluti borgarstjórnar lagði upp í þessa byggingu með þeim formerkjum að ráðhúsið mundi kosta rúmar sjö hundruð milljónir króna. Nú er sú tala komin í þrjá og hálfan milljarð. Það vissu kjósendur í Reykjavík ekki um þegar gengið var til kosninga síðast. Kjósendur fella ekki góðan borgarstjóra og traustan meirihluta vegna ágreinings um eitt stykki ráðhús. Í borgarstjórnarkosningum er kosið um fleira og hér er því haldið fram að þáverandi borgarstjóri og þáverandi meirihluti hafi misnotað vald sitt og storkað vilja og annars viðtækum stuðningi borgarbúa. Það var og er enginn samstaða um þetta ráðhús. Sannleikurinn er sá að í þessu máli hefur aldrei neitt ráðið nema geðþótti og byggingin er bruðl frá upphafi til enda. Hvað er ráðhús? Það er aðstaða fyrir stjórnendur borgarinnar, starfsmenn og kjörna fulltrúa, fundarsalur og skrifstofur fyrir þetta fólk sem þjónar eða á að þjóna borginni og borgarbúum. Ráðhúsið er kontór. Það hlýtur að vera áleitinn spurning hvort reisa þurfi minnisvarða utan um þessa kontóra og kosta til þess þremur og hálfum milljarði og kannski meir. Minnihlutinn í borgarstjórn er svo vesæll og kraftlítill að hann hefur aldrei haft bolmagn til að kveða þessa vitleysu í kútinn. Borgarbúar hafa heldur ekki haft tækifæri til þess. Og nú stendur þetta ráðhús fullklárað og verður vígt á morgun. Þá verður efnt til veislu og ekki að efa að minnihlutafulltrúarnir munu mæta þar og skála og verma sér við þann eld sem aðrir kveiktu. Í þann mundinn sem ráðhús Reykvikinga er vígt og Reykvikingar eru látnir byggja það fyrir þrjá og hálfan milljarð króna gengur efnahagskreppa yfir þjóðina. Hér í höfuðborginni sem annars staðar hanga líf skjörin á bláþræði. Peningabudda heimilanna skreppur saman og margar eru þær matarholurnar sem ekki verða fylltar vegna rándýrs kostnaðar við ráðhúsið. Á sama tíma er efnt til veislu fyrir hina útvöldu. Þetta minnir um margt á söguna um Neró og Róm og fiðluna. Ellert B. Schram.



Ráðhúsiðbyggingin og fallett umhverfi hennar við norðurenda Tjarnarinnar setur notalegan svip á borgina.



Fyrstu borgarstjórnarnir. Brjóstmyndir í Ráðhúsinu. Frá vinstri: Páll Einarsson, Knud Ziemsén, Jón Þorláksson, Pétur Halldórsson og Bjarni Benediktsson.



Örtröð við skrifstofu borgarstjórnars. Við Steinunn tókum á móti gestum dagana eftir vígslu Ráðhússins. Tugþúsundir lögðu leið sína í húsið til að skoða það.

Það hafði löngu verið ákveðið að hafa opið hús fyrir borgarbúa og aðra gesti eftir formlega vígsluhátíð. Var það gert síðar í þessari sömu viku, um bænadagana og páskahelgina 16.- 20. apríl 1992. Starfsmenn hússins tóku á móti almenningi í öllum deildum og við Steinunn stóðum við dyrnar á borgarstjóráskrifstofunni og heilsuðum fólki með handabandi og buðum það velkomið. Um 40.000 manns lögðu leið sína í húsið þessa daga og verkjaði mig í öxlina nokkra daga á eftir. Skemmtilegt var að sjá, hvað fólk vildi helst skoða inni á borgarstjóráskrifstofunni. Fjölmíðlar höfðu flutt þær fréttir að munaðurinn væri svo mikill í þessum vistarverum, að þar væri svíta með sturtuklefa og snyrtingu fyrir borgarstjórnann. Flestir sneru frá fullir vonbrigða með athugasemdum eins og: “Var þetta þá allt og sumt”. En það var gaman að hitta svona marga Reykvíkinga og þeirra á meðal marga kunningja okkar hjóna frá bernskudögum og skólaárum, fyrrum nágranna, sem maður hafði ekki séð í marga áratugi eða fjarskylda ættingja sem við höfðum kannski aldrei séð eða vitað um.

Á fyrsta fundi borgarstjórnar í hinum nýja borgarstjórnarsal á vígsludaginn mælti ég fyrir tillögu, sem samþykkt var samhljóða, þess efnis að Reykjavíkurborg myndi kaupa og endurgera Iðnó, hið sögufræga samkomuhús og leikhús við norðurenda Tjarnarinnar. Hafði náðst samkomulag milli borgarinnar og eigenda Iðnó, verkalyðsfélaganna Dagsbrúnar, Framsóknar og Sjómannafélags Reykjavíkur auk félagsskapar nokkurra aðila í Alþýðuflokknum, um að bjarga húsinu frá frekari vanhirdu en endurgera það og skapa skilyrði til áframhaldandi menningarstarfsemi í því. Húsið hafði verið ónothæft um hríð, rafmagnskerfi í ólagi og brunahætta mikil. Deila stóð milli borgaryfirvalda og ríkisvalds um frumkvæði að friðun og hver ætti að borga. Urðu þær raddir æ háværi að dagar Iðnó væru taldir og að húsið yrði rífið. Á vígsludegi ráðhússins var komið í veg fyrir það stórslys.

Ég þurfti að venjast nýjum tækjum og öryggisbúnaði sem tilheyrði skrifstofu minni og húsinu í heild. Tölvubyltingin var á fullri ferð og maður mátti hafa sig allan við að



Í Tjarnarsal Ráðhússins hinn 14. apríl 1992. Gluggatjöldum var lyft í myrkvuðum sal og inn skein vorsólin kl. 15.00 eins og lofað hafði verið. Tímasetningin hafði verið á okkar valdi. Önnur máttarvöld sköffuðu sólskinið.



Fyrsti fundur borgarstjórnar í Ráðhúsinu, haldinn á vígsludaginn að viðstaddri Vigdísí Finnbogadóttur, forseta Íslands. Eitt mál var á dagskrá, verndun Iðnó, gamla leikhússins við Tjörnina, og nýtt hlutverk þess.



Iðnó við Tjörnina á sér merkilega sögu sem leikhús Reykvikinga og alhiða samkomustaður. Það var upphaflega byggt sem hús Iðnaðarmannafélags Reykjavíkur árið 1897.



Iðnó var í afar bágbornu ástandi þegar bygging Ráðhússins var á lokasprettinum. Það var afraðið að borgin tæki húsið að sér og keypti það. Fulltrúar eigenda: Guðmundur Hallvarðsson, Sjómannafélagi Reykjavíkur, Guðmundur J. Guðmundsson, Verkamannafélaginu Dagsbrún og Ragna Bergmann, Verkakvennafélaginu Framsókn. Með okkur á myndinni eru lögfræðingarnir Atli Gíslason, Hjörleifur Kvaran og Haraldur Blöndal, sem unnu að samningagerðinni.

tileinka sér nýjungar í þeirri grein. Margt var enn á hálfgerðu tilraunastigi. Brunaboðar fóru skyndilega af stað af tilefnislausu, sendu meldingar um eld í Ráðhúsinu til slökkvistöðvarinnar og stórútkall var komið í gang. Þá runnu öryggistjöld úr málmí eins og hansagardínur fyrir gluggann hjá mér. Brunabílunum var snarlega snúið við þegar upplýst var um falska viðvörðun. Stundum heyrði ég að raflæsingin á skrifstofunni minn small í lás og ég komst ekki út fyrr en ég hafði getað gert viðvart í síma. Sambærilegt atvik varð nokkuð snúið þegar ég fór í skoðunarferð um aðstöðuna í borgarstjórnarsalnum og herbergjum í norðurhluta byggingarinnar. Þá small lásin og ég vissi ekki hvernig ég kæmist út. Þetta var síðdegis á laugardegi og skiptiborðið lokað. Sem betur fer var sími nálægur á borði en þar var engin innanhússímaskrá þannig að ég vissi ekki hvernig ég næði sambandi við húsvörðinn. Úr vöndu var að ráða en þá datt mér í hug að hringja út á lögreglustöð í þeirri von að varðstjórinn þar hefði símanúmer öryggisvarða í Ráðhúsinu. Sem betur fer var það rétt ágiskun. Eftir að ég hafði kynnt mig sagði ég við varðstjóran: “Viltu vinsamlegast hringja í Ráðhúsið og biðja öryggisvörðinn að hleypa borgarstjóranum og gestum hans út úr borgarstjórnarsalnum. Hann er læstur þar inni.”

Umræðan um ráðhús fór í eðlilegan farveg smám saman. Margvísleg dagskrá var hafin í Tjarnarsalnum á jarðhæð og dró að almenna gesti. Íslandslíkanið stóra á gólfinu þar höfðaði til erlendra ferðamanna, sem borgina gistu. Móttökur fyrir gesti Reykjavíkurborgar og samkomur og sýningar hjá félagasamtökum borgarbúa fóru fram í ráðhúsinu á næstu mánuðum af ýmsu tilefni. Upphaflega voru hugmyndir um að jafna við jörðu nokkur hús við Tjarnargötu gegnt Ráðhúsinu til að skapa meira rými umhverfis það. Meðal annars var Tjarnarbíó á aftökulistanum. Af augljósum ástæðum varð ekkert úr þessum hugmyndum. Hins vegar voru leikhópar áhugafólks og aðrir listfytjendur umfram um að nýta húsið, sem var í ónothæfu ástandi. Margt var í upprunalegu horfi innanstokks og fannst mér aðlaðandi verkefni að koma þessu snotra samkomuhúsi



Endurnýjuð salarkynni með veitingaæstöðu uppi og niðri hafa skapað skilyrði til alhliða samkomuhalds eins og tilgangurinn var með Iðnó, húsi Iðnaðarmannafélagsins, við byggingu þess 1897.



Við hið stórglæsilega Íslandslíkan í Tjarnarsal Ráðhússins fara hópar erlendra og innlendra gesta í "skyndiferðir" um landið með leiðsögn fararstjóra eða kennara.



Nöfn borgarstjóra í Reykjavík á vegg í Ráðhúsinu. Á 85 árum frá stofnun embættisins höfðu 11 borgarstjórnar gegnt því þegar ég tók við. Á 30 árum síðan hafa borgarstjórnarnir verið 10 talsins að mér meðtöldum.



Átak var gert til endurnýjunar svæðisins umhverfis Tjörnina og nýjar gangstéttir lagðar á bökkum hennar. Fólki var auðvelduð leið til að njóta þessarar perlu miðborgarinnar og virða fyrir sér fuglalífið.

í boðlegt ástand á nýjan leik. Mér leist hins vegar ekki á að fara út í umfangsmikla undirbúningsvinnu með verkfræðingum og arkitektum, sem maður var hreinlega farinn að umgangast með varúð vegna nýfenginnar reynslu af áætlunum sem ekki stóðust.

Kristinn Daniélsson, fyrrum ljósameistari í Þjóðleikhúsinu, sem þá var nýkominn á eftirlaun, gaf sig fram til að aðstoða við opnun Tjarnarbiós að nýju og tók hann að sér hreinsun og viðgerðir með aðkomu iðnaðarmanna. Hann lagði sig fram um að varðveita hið upprunalega horfbíósins og leitaði upplýsinga víða til að gæta samræmis. Manna fróðastur um þá hluti hafði verið Bogi heitinn Sigurðsson, sýningarstjóri bíósins og síðar Háskólabíós þegar starfsemi Tjarnarbiós flutti þangað. Kristinn tjáði mér að Bogi hefði birst sér í draumi og m.a. upplýst um málaðar loft- og veggskreytingar í áhorfendasalnum eins og þær voru frá fyrstu tíð. Þannig gekk Kristinn til verks og snurfursaði alla króka og kima eftir forsögn Boga, og hreinsaði meðal annars stórar postulínspissuskálar á karlklósettunum sem keyptar höfðu verið í Bretlandi á stríðsárunum. Síðla árs 1993 var hægt að taka húsið í notkun fyrir leiksýningar og ýmsa mannfundi. Árið 1993 magnaðist efnhagskreppa í landinu og atvinnuleysi fór upp í mest í 8% sem var hærra en nokkru sinni síðan í kreppunni 1968-70 þegar þúsundir Íslendinga fluttu úr landi, til Norðurlandanna og Ástralíu, einkallega til Svíþjóðar, þar sem iðnaðarmenn fengu atvinnu hjá Volvo og Husqvarna og í skipasmíðastöð Kochum í Malmö. Forstjóri þar var Ólafur Sigurðsson, verkfræðingur, bróðir Péturs Sigurðssonar, forstjóra íslensku Landhelgisgæslunnar. Alvarleg afleiðing hinnar nýju kreppu var áfallið sem borgarsjóður Reykjavíkur varð fyrir tekjulega. Tekjur borgarinnar lækkuðu um rúmt 1% milli ára 1992- 1993 vegna minni tekna einstaklinga og fyrirtækja og hafði slíkt ekki gerst í hálföld.

Versnandi afkoma fólks og atvinnureksturs varð áleitnið umræðuefni í viðtalstímunum sem ég hafði vikulega á borgarstjórnarskrifstofunni. Almennigur gat tilkynnt komu sína fyrirfram í þessi viðtöl og margir notuðu tækifærið.

Umræðuefnin voru fjölbreytt eftir því. Um 20 aðilar komust að í hvert sinn og var alltaf fullbókað, stundum allfjöldmennar sendinefndir. Ljóst var að skórinn kreppti hjá mörgum og fólk þurfti að leita fjárhagsaðstoðar hjá borginni eða annarrar fyrirgreiðslu. Fyrirsvarsmenn lítilla vertakafyrirtækja voru í kröppum dansi og þurftu verkefni til að halda sér á floti. Einn vinnuvélaeigandi hafði orðið undir í útboði borgarinnar á verkefnum og sá fram á gjaldþrot. Þetta var í eina skiptið sem mér var hótað ofbeldi í þessum samtölum mínum. Þó að raunasögungar væru efstar á baugi voru mörg samtölin skemmtileg og gátu orðið til þess að ég gleymdi mér yfir einhverjum gamansögum sem lengdu “viðtalsbilið” óviljandi. Þessi samtöl veittu mér mikilvæga innsýn í kjör og væntingar borgarbúa og efldu skilning á málefnum sem mér voru falin til meðferðar. En ekki síst lýsingar á bágunum kjörum þeirra sem minnst máttu sín. Eftir samtölin skrifaði ég minnisblöð sem ég sendi forstöðumönnum borgarstofnana til athugunar og afgreiðslu eftir því sem við átti. Eftir að hafa hlýtt á margar lífsreynslusögurnar var stutt í fyrirgreiðslupóltikusinn í þágu hinna lakast settu.



Ýmsir hópar hafa stundað öfluga liststarfsemi í Tjarnarbiói.

Almennir fundir borgarstjóra, sem haldnir voru úti í hverfum borgarinnar og auglýstir vel, voru upplýsandi fyrir alla aðila; fyrir mig að kynnast viðhorfum borgarbúa beint og fyrir fundarmenn að fá yfirlit yfir það helsta í nærumhverfi þeirra sem á döfinni var hjá borginni. Eftir almenna yfirferð var athyglinni beint að sérmálum hvers hverfis, uppbyggingu stofnana, öðrum verklegum framkvæmdum og þjónustu. Fyrirrennarar mínir í Sjálfstæðisflokknum höfðu skapað þessa hefð. Framkvæmdin tók breytingum með nýjungum í fundatækni. Ég lagði mikið upp úr fjölbreyttu myndrænu efni til skýringar eins og tæknin leyfði á þeim tíma. Maður fræddist mikið af umkvörtunarefnum sem borin voru upp á fundunum og þekkti ég orðið með nafni næstum hvern einasta drullupoll og óræktarblett, sem varð eftir eða var fallinn í gleyskunnar dá fyrir langa löngu á opnum svæðum í hverfum borgarinnar.



Hætt var við niðurrif Tjarnarbiós. Aðstaðan var þess í stað lagfærð til leiksýninga og annars samkomuhalds.



Þar sem ég hef verið áhugasamur um gönguferðir varð það venja hjá mér að fara með lítið upptökutæki í göngurnar og lesa inn athugasemdir á staðnum, ef ég varð var við alvarlegar skemmdir og vankanta á gangstéttum eða göngustígum, byggingum og útivistarsvæðum borgarinnar. Stuttar greinargerðir eftir gönguferðirnar voru svo skrifaðar og sendar viðkomandi yfirmönnum og óskað úrbóta. Þá var ég ekki elskaður pennavinur. Þetta uppátæki mæltist misjafnlega vel fyrir og þá ekki síður eftir að ég fékk Ómar Einarsson til að reka á eftir að eitthvað yrði gert. Málum var svo enn fylgt eftir á sameiginlegum fundum með embættismönnum. Það voru haldnir fundir í

Aflvaki t

Aflvaki var stofnaður sem hlutafélag í eigu Reykjavíkurborgar, Rafmagnsveitunnar Hitaveitunnar, Vatnsveitunnar, Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands.

Valhöll um stöðuna í stjórnmalunum. Dvínandi fylgi við Sjálfstæðisflokkinn á landsvísi hafði vitaskuld alvarleg áhrif á stöðu flokksins í Reykjavík þar sem atvinnuástandið var verst. Í maí 1993 mældist fylgi við Sjálfstæðisflokkinn í borgarstjórn 46,5%. Öskruðu þá sumir “Meirihlutinn fallinn.” Það var þó ekki gefið, fór allt eftir fjölda flokka sem atkvæðin dreifðust á. Á sama tíma og við í borgarstjórn mældumst með 46,5% var fylgi Sjálfstæðisflokksins á landsvísi 25,7%. Málið var grafalvarlegt og horfur tvísýnar. Þá hefðu menn þurft að snúa bökum þétt saman vegna borgarstjórnarkosninganna að ári. Þrátt fyrir samdrátt tekna og aukningu rekstrargjalda ákvað Reykjavíkurborg á árinu 1992 að reyna að verja atvinnulífið í borginni áföllum vegna efnahagssamdráttarins. Aukafjárveitingar til úrbóta í atvinnumálum námu 380 milljónum króna og tókst að halda framkvæmdaumsvifum borgarinnar óbreyttum frá árinu 1991. Á sama tíma var heildarfjárfesting í landinu talin hafa dregist saman um 12%. Í fjárhagsáætlun fyrir 1993 var gert ráð fyrir að samanlagður kostnaður Reykjavíkurborgar, borgarsjóðs og

borgarfyrirtækja vegna verklegra framkvæmda yrði um níu milljarðar króna. Miðað var við að framkvæmdaumsvif yrðu að mestu óbreytt frá því sem þau höfðu verið undanfarin ár. Til að gera þetta kleift var tekið erlent lán að fjárhæð 2,5 milljarðar króna.

Þróunarfélagið Aflvaki Reykjavíkur hf. var stofnaður í árslok 1992 að mínu frumkvæði. Að stofnun félagsins stóðu auk Reykjavíkurborgar, Hitaveita Reykjavíkur, Rafmagnsveita Reykjavíkur, Reykjavíkurhöfn og Vatnsveita Reykjavíkur. Skömmu eftir stofnun félagsins gekk Háskóli Íslands til liðs við það sem hluthafi. Félagið hafði að leiðarljósi að laða að erlenda og innlenda fjárfesta til atvinnuuppbyggingar í Reykjavík.

atvinnulífi. Í febrúar 1994 fór fram 150 millj. króna hlutfjárútboð Áfanga. Félagið hafði þá þegar stutt um 10 nýsköpunarverkefni og hjá félaginu voru að auki til alvarlegrar athugunar á annan tug fyrirtækja eða verkefna m.a. á sviði hugbúnaðar, tækniþróunar og vélaframleiðslu fyrir fiskiðnað.

Í Morgunblaðinu var fjallað um málið í ritstjórnargrein:

“Borgarstjóri boðaði í ræðu sinni við aðra umræðu um fjárhagsáætlun í síðustu viku að til viðbótar fjárhagsáætlunartölunum mætti gera ráð fyrir umtalsverðum upphæðum til úrbóta í atvinnumálum. „Það lætur að líkum, að það er ekki á valdi Reykjavíkurborgar einnar að leysa þann vanda, sem við er að etja í atvinnulífinu

il nýrrar sóknar

4

MORGUNBLAÐIÐ MIÐVIKUDAGUR 19. ÁGÚST 1992

Reykjavíkurborg stofni hlutafélag um þróunarfyrirtæki

TILLAGA um að hafin verði undirbúningur að stofnun hlutafélags um þróunarfyrirtæki, Aflvaka Reykjavíkur hf., hefur verið lögð fram í borgarráði. Markmið fyrirtækisins verði að efla atvinnulíf í Revlsia-

þetta verkefni sem borgarstjóri skipaði í nóvember á síðasta ári kemur fram að Revlsiavíkurborg

hönd til vaxtar og nýsköpunar. Einnfreður að hagsmunum Reykjavíkur verði best bærð með því að

Meðal annars var framkvæmd könnun á staðsetningu og skipulagi allt að 200 hektara frísvæðis fyrir orkuiðnað í Reykjavík. Einnig var unnið að forkönnun á möguleikum á byggingu ylræktarvers og möguleikum Reykjavíkur sem vettvangs fyrir alþjóðlega heilsumiðstöð með hugsanlegri samtengingu við Nesjavallasvæðið. Annað markmið félagsins var að stuðla að nýsköpun og frekari þróun í reykvísku

um þessar mundir. Engum ætti hins vegar að dyljast, að Reykjavíkurborg liggur ekki á liði sínu í baráttunni við atvinnuleysið, hvort heldur um er að ræða ráðstafanir til lengri eða skemmri tíma,” sagði Markús Örn í ræðu sinni við aðra umræðu. Meðal þeirra langtímaverkefna í atvinnumálum, sem Reykjavíkurborg hefur haft frumkvæði að, er stofnun þróunarfyrirtækisins Aflvaka Reykjavíkur nú um áramótin.

Atvinnuástandið í október:

Aukið atvinnuleysi á höfuðborgarsvæðinu

– minna atvinnuleysi á Austurlandi, Vestfirðum og Vesturlandi

Skráðir atvinnuleysisdagar í október síðastliðnum voru 102 þúsund og fjögur um þjón þúsund frá mánuðinum á undan. Alls voru skráðir rúmlega 44 þúsund atvinnuleysisdagar hjá kórimum og tæplega 38 þúsund hjá konum. Miðað við október í fyrra fjölga atvinnuleysisdögum á landinu um rúm 20 þúsund. Atvinnuleysi síðustu 12 mánaða mældist nú 4,1 prósent en var 3 prósent á síðasta ári.


Fjóldi atvinnuleysisdaga í október jafngildir því að 4.089 manns hafi að jafnaði verið án atvinnu, þar af 2.035 karlar og 2.054 konur. Samkvæmt þessu var atvinnuleysið um 3,6 prósent í mánuðinum; 2,7 prósent hjá atvinnuleysihóta 1. október síðastliðnum til sjálfstætt starfandi vikuvörðum.

október í fyrra hefur atvinnuleisum fjölgað um 940. Síðasta virka dag októbermánuar voru tæplega 5.570 manns á atvinnuleysiskrá.

Atvinnuleysið hefur aðallega aukist á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurlandinu. Lítils háttar aukning hefur einnig orðið á Suðurlandi og Norðurlandi. Hins vegar hefur atvinnuleysi minnkað nokkuð á Austurlandi, Vestfirðum og Vesturlandi.

Samkvæmt upplýsingum frá Vinnuáskrifstoflu félagsmála- og atvinnuleysisráðs eru líkur á að atvinnuleysið í nóvember verði um eða yfir 4 prósent. Fram kemur í frétt frá skrifstofunni að rýmkun reitar til atvinnuleysihóta 1. október síðastliðnum til sjálfstætt starfandi vikuvörðum.

Atvinnuleysið í október 1992-93



Úr DV í október 1993. Fréttir af vaxandi atvinnuleysi í Reykjavík voru áberandi. Þetta var vandamál sem hafði verið næstum óþekkt í meira en tvo áratugi. Atvinnuleysistölur fóru hækkandi milli ára. Hagborgarsjóðs fór versnandi á atvinnuleysistímum. Borgin brást við með áætlunum til lengri tíma og skammtímaaðgerðum í atvinnusköpun, m.a. fyrir skólafólk.



Reykjavíkurborg gerði samkomulag við Þjóðgarðinn á Þingvöllum um að skólafólk í borginni fengi sumarvinnu við lagningu göngustíga á Þjóðgarðssvæðinu. Kom það til viðbótar stórefldum viðfangsefnum fyrir unga fólk í borginni sjálfri.

Markmiðið er að Aflvaki verði eins konar bakhjarl atvinnulífs í Reykjavík sem stuðli að nýsköpun. Var fyrirtækið stofnsett í framhaldi af ákvörðun borgarstjóra árið 1991 um mótun langtímastefnu í atvinnumálum, m.a. með hliðsjón af aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu. Auðvitað er það rétt, sem borgarstjóri bendir á, að atvinnuleysisvandinn verður ekki leystur með opinberum aðgerðum einum saman. Það, að framkvæmdaumsvif borgarinnar haldast óbreytt milli ára, mildar samdráttaráhrifin á höfuðborgarsvæðinu, þó vissulega sé það ekki æskilegt til lengri tíma lítið að halda uppi atvinnustigi með erlendum lántökum.

Öðru máli gegnir með Aflvaka. Víðs vegar um Evrópu og í Bandaríkjunum hefur á undanförunum misserum átt sér stað veruleg umræða um réttmæti þess að opinberir aðilar taki þátt í mótun atvinnustefnu. Í ljósi árangurs slíkrar atvinnustefnu, s.s. í Japan, Þýskalandi og Frakklandi, er ekki óeðlilegt að svipaðar tilraunir verði gerðar hér á landi. Ef rétt verður staðið að Aflvaka gæti þessi athyglisverða nýbreytni orðið til að efla atvinnulíf í Reykjavík og tryggja undirstöður þess með því að hlúa að vaxtarbroddum.”

Frumkvæði mínu í tillögugerð til að tryggja aukna atvinnu almennt og eitthvað fyrir skólafólkið að gera í sumarvinnu var misjafnlega tekið af meðreiðarfólki mínu í borgarstjórn. Með aðgerðunum voru m.a. 3300 ungmennum tryggð sumarstörf hjá borginni. Einstakir borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins minntu borgarstjórnann á að hann væri ekki kjörinn í kosningum og hefði því ekki umboð kjósenda. Þetta sögðu þau, sem ekki gátu komið sér saman um að velja borgarstjóra úr sínum röðum. Þar fyrir utan minnti ég við slík tækifæri á að ég hefði í fernum borgarstjórnarkosningum haft jafnmikinn eða mun meiri stuðning kjósenda í Reykjavík á bak við mig en nokkur af núverandi borgarfulltrúum. Var þetta til marks um hvernig mál tóku að þróast og út í hvað stefndi á erfiðleikaárinu 1993 þegar brýnt var að sýna samstöðu við að komast út úr klúðri vegna framkvæmdaáætlana, sem fóru úr böndum, og takast á við hinar nýju og



Uppbyggingu Nesjavallavirkjunar var haldið áfram til að mæta þörfum fyrir aukid heitt vatn á höfuðborgarsvæðinu. Framundan var raforkuframleiðsla. Hin öflugu veitufyrirtæki þóttu líkleg til að geta lagt mikið af mörkum til nýsköpunarþróunar í atvinnulífinu í Reykjavík ásamt Höfninni og öðrum fyrirtækjum í eigu Reykjavíkurborgar.

alvarlegu aðstæður, sem vaxandi atvinnuleysi hafði í för með sér. Andstætt því sem ýmsir framámenn í Sjálfstæðisflokknum álitu, taldi ég það vera skyldu opinberra aðila við slík skilyrði að halda hjólum athafnalífsins gangandi með því að spýta inn peningum til að hraða sem mest framkvæmdum borgarinnar til lengri og skemmri tíma. Þó að taka yrði lán tímabundið til að standa undir þeim vissi ég að borgarsjóðurinn og sterk fyrirtæki hans myndu rétta úr kútnum aftur um leið og ástandið skánaði á ný. Að minni hyggju var það t.d. mjög brýnt úrlausnarefni að finna sumarvinnu fyrir skólafólkið. Æ fleiri heimili munaði orðið um þá peninga, sem unga fólkið gat aflað sér.

Mér kom mest á óvart, hversu litlar

undirtektir þessi viðleitni í atvinnumálunum hlaut hjá þeim flokkum sem vildu gefa sig út fyrir að vera samtök hinna vinnandi stétta. Eini maðurinn úr þeirra röðum sem ég heyrði fara viðurkenningarorðum um baráttu Reykjavíkurborgar við atvinnuleysið var Guðmundur J. Guðmundsson, formaður Dagsbrúnar. Guðmundur “Jaki” dró ekki dul á þær skoðanir sínar t.d. í útvarpsviðtölum. Ég hafði vonast til að ríkisstjórnin myndi leggjast á árarnar með okkur og hraða framkvæmdum við stofnbrautir í umferðarkerfinu, m.a. Höfðabakkaframkvæmdir og Sundabraut, sem voru vel á veg komnar í undirbúningi. Ekki reyndist áhugi á því og gat ég mér þess til að þær framkvæmdir ætluðu ráðherrar að



Til stóð að framleiðslan á sjálfum sæstrengunum yrði atvinnuskapandi tækifæri á Íslandi.



Flutningur raforku fer fram um sæstrengi sem tengja nágrannalönd okkar. Rafstrengur til Íslands myndi að sjálfsögðu geta virkað í báðar áttir og flutt rafmagn til Íslands ef á þyrfti að halda. Fáum við kannski rafmagn úr kjarnorkuverum Evrópu með þessum hætti í orkuskorti framtíðarinnar?

eiga inni handa sjálfum sér og hrista fram úr erminni einhver loforð á kosningarárinu næsta til Alþingis, árið 1995.

Próunarfélaginu Aflvaka, var ætlað að stuðla að nýsköpun og alhliða atvinnuuppbyggingu í Reykjavík til framtíðar. Málið var lengi að velkjast í kerfinu og á endanum var fjárveitingin ákveðin mun lægri en upphaflega stóð til. Ýmsir forráðamenn í atvinnulífinu eins og Einar Sveinsson, forstjóri Sjóvár og þáverandi formaður Verslunarráðs Íslands, urðu fremur hvumpnir vegna þessara ráðagerða og þá var ekki að sökum að spyrja hvernig bergmálið ómaði inni í borgarstjórnarflokknum. Borgarráð samþykkti að ráða Ragnar Kjartansson, fyrrverandi framkvæmdastjóra Hafskips, í stöðu framkvæmdastjóra Aflvaka. Ég sá fyrir mér að aflið í hinum myndarlegu og fjárhagslega sterku fyrirtækjum Reykjavíkurborgar, Rafveitunni, Hitaveitunni, Vatnsveitunni og Reykjavíkurhöfn yrði nú í auknum mæli virkjað til nýsköpunar og alhliða atvinnuuppbyggingar í samvinnu við Háskóla Íslands og einkageirann. Jafnframt taldi ég tímabært að hugað yrði að breyttu rekstrarfyrirkomulagi veitufyrirtækjanna og taldi rétt að þau yrðu sameinuð á síðari stigum. Eins og áður hefur komið fram voru veikleikar í ædstu lögum stjórnkerfis Hitaveitunnar og framundan voru framkvæmdastjóraskipti hjá Vatnsveitunni. Gat ég sem best séð Aðalstein Guðjohnsen, rafmagnsstjóra, fyrir mér sem forstjóra í nýju, sameinuðu veitufyrirtæki.

Vegna setu minnar í borgarstjórn á fyrra skeiðinu hafði ég kynnst starfsháttum Aðalsteins og Hauks Pálmasonar, yfirverkfræðings, sem komu iðulega á fundi borgarráðs og gerðu grein fyrir málum Rafmagnsveitunnar, sem var fjárhagslega öflugt og mjög vel rekið fyrirtæki. Báðir hinir hæfustu fagmenn og greinargóðir í öllum umræðum. Nú voru framundan breytingar á stöðu orkufyrirtækja og skyldi losað um þá sterku einokunaraðstöðu sem Landsvirkjun, sameignarfyrirtæki ríkisins, Reykjavíkur og Akureyrarbæjar hafði í öllum orkugeiranum. Til að búa okkur undir þær breytingar á landslaginu, óskaði ég eftir því að gerð yrði

athugun á að gera Rafmagnsveituna að hlutafélagi í eigu borgarinnar vegna þeirra breytinga, sem búast mætti við varðandi framleiðslu rafmagns og dreifingu þess til notenda. Nesjavallavirkjun sýndi að í framtíðinni yrði þar raforkuframleiðsla sem viðbótarbúgrein við öflun heita vatnsins. Reykjavíkurborg átti fulltrúa í stjórn Landsvirkjunar en ég sem borgarstjóri og forstjóri næststærsta eignaraðilans, fékk ekki einu sinni send afrit af fundargerðum stjórnarfundu, heldur ekki þó að ég óskaði formlega eftir því. Páll Gíslason, formaður veitustofnana Reykjavíkurborgar, var í stjórn Landsvirkjunar og gat ég samið um það við hann að hann leyfði mér að sjá þessar fundargerðir.

Á árinu 1992 sneri hollenska raforkufyrirtækið EPON Elektricitets-Produktiemaatschappij Oost- en Noord-Nederland ásamt sæstrengjaframleiðandanum NKF Kabel sér til íslenskra verkfræðiskrifstofa og óskuðu samstarfs um forathugun á möguleikum til framleiðslu á “grænni” raforku hér á landi til flutnings um sæstreng til Hollands. Til að gera langa sögu stutta fóru hjólin að snúast um sumarið og leituðu aðilar þá til Rafmagnsveitu Reykjavíkur og síðar Reykjavíkurborgar um samstarf. Það átti að vera um forkönnun og eftir viðræður við fulltrúa hollensku fyrirtækjanna ákvað ég að undirrita viljayfirlýsingu fyrir hönd borgarinnar um að skoða nánar möguleikana á samvinnu um hagkvæmnisathugun. Það var skilyrði af hálfu Hollendinganna að algjör trúnaður ríkti um málið á fyrstu stigum og að það yrði ekki gert opinbert. Ég leitaði vitaskuld álits lögfræðinga borgarinnar á því hvert umboð borgarstjóri hefði til að gefa út slíka yfirlýsingu án þess að bera hana undir borgarráð og borgarstjórn og sögðu þeir að honum væri það heimilt. Þess vegna lét ég til skarar skríða, því að mér fannst málið mjög spennandi og líklegt til að geta opnað fyrir nýja möguleika í nýtingu orkulinda og þá ekki síst í ljósi ótryggs atvinnuástands, að sköpuð yrði vinna við virkjunarframkvæmdir og framleiðslu sæstrengsins hér á landi eins og gert var ráð fyrir sem lykilatriði í samstarfinu.

Hollensku fyrirtækin og íslensku

verkfræðingarnir höfðu fyrst kynnt málið fyrir Landsvirkjun og iðnaðarráðherra en ekki fengið nein viðbrögð. Hollendingarnir voru að hætta við allt saman þegar leitað var til borgarinnar. Viljayfirlýsingin fór mjög fyrir brjóstið á Landsvirkjunarmönnum, ýmist af þeirri ástæðu að þeir sögðu samninga um uppbyggingu nýs álvers vera á viðkvæmu stigi ellegar að Landsvirkjun hefði lengi verið að skoða þennan möguleika um sæstreng með ítalska fyrirtækinu Pirelli. Greinilegt var að yfirmönnum Landsvirkjunar þótti eitthvað að sér vegið með útspílinu og fóru menn þar á bæ að róa í borgarfulltrúum til að leggja stein í götu málsins. Verkfræðingar, sem við mig ræddu undruðust mjög hversu neikvæða afstöðu borgarfulltrúinn Guðrún Zoëga, framkvæmdastjóri Félags verkfræðinga, hafði til málsins því að verkefnið átti að vera atvinnuskapandi fyrir verkfræðinga. Hins vegar studdi Davíð Oddsson mig drengilega í þessu máli og við það sefuðust þeir nokkuð, sem héldu uppi andróðrinum.

Forathugun, sem viljayfirlýsingin tók til, átti að fela í sér um 80 millj. króna framlag Reykjavíkurborgar en á móti var ljóst að hollensku fyrirtækin myndu vegna hennar einvörðungu skapa verkefni og kaupa hér þjónustu fyrir margfalt hærri upphæð. Þegar gagnrýnin á mig sem borgarstjóra var borin undir Piet Wijnen, upplýsingafulltrúa verkefnisins í Hollandi í Morgunblaðinu í september 1992, sagði hann að staða borgarstjóra í þessu máli hefði verið mjög erfíð þar sem hollensku fyrirtækin báðu um að ekki yrði fjallað um þetta mál opinberlega. Borgarstjóri hafi staðið við orð sín og hollensku fyrirtækin væru mjög ánægð með það hugrekki hans. Auk þess hafi verið bent á að viljayfirlýsingin fæli ekki í sér neinar fjárhagslegar skuldbindingar fyrir Reykjavíkurborg fram í tímann.

Vitaskuld stóð aldrei annað til en að borgarstjórn fengi málið til umræðu og afgreiðslu ef frumathuganir gæfu tilefni til að halda áfram með málið. Ekki reyndist grundvöllur til að ráðast í framhaldsaðgerðir með Hollendingunum.



Heimsóknnum gesta í móttökuhús borgarinnar í Höfða fækkaði eftir að Ráðhúsið var vígt. Fundarstaður þeirra Gorbatsjovs og Reagans hafði þó enn aðdráttarafl.



Gro Harlem Brundtland, forsætisráðherra Noregs, kom ásamt eiginmanni sínum í heimsókn til okkar í Höfða.....



...en Haraldur Noregskonungur kaus að fara í göngutúr.

Móttökuhús Reykjavíkurborgar, Höfði við Borgartún, var orðið heimsfrægt eftir fund þeirra Reagans Bandaríkjaforseta og Gorbatsjovs Sovétleiðtoga í október 1986. Eins og að líkum lætur var mikil eftirpurn eftir að komast inn á Höfða og var það með ráðum gert að nýta orðspor hússins meðan það stóð og nota



Glaður hópur við Höfða. Veittar viðurkenningar Umhverfismálaráðs

það til að efla ferðamennsku í borginni með því að bjóða t.d. erlendum ráðstefnugestum að heimsækja Höfða. Fjöldi innlendra hópa fékk líka tækifæri til að koma inn á Höfða. Við hjónin ákváðum að breyta nokkuð til í hefðunum varðandi val drykkjarfanga til að veita í móttökunum á Höfða og völdum léttvín í stað sterkara áfengis. Sumum borgarfulltrúum og embættismönnum borgarinnar, sem höfðu sótt slík samkvæmi í áratugi, þótti þetta fremur þunnur þrettandi. En það voru einfaldlega breyttir tímar og þjóðfélagið gerði aðrar kröfur en áður til opinberra aðila og áttum við að horfast í augu við það. Hægt væri að telja

upp mörg skemmtileg boð, sem við hjónin héldum á Höfða. Minnisstæð er t.d. móttaka, sem haldin var í lok febrúar 1992 þegar íbúar Reykjavíkur höfðu náð tölunni 100.000. Ég hafði velt því fyrir mér hvernig hægt væri að minnast slíkra tímamóta á skemmtilegan hátt og heiðra einhverja þá, sem lagt höfðu gjörva



1992 fyrir fegurstu götur, húsalóðir og endurbætur gamalla húsa.

hönd á plóginn í þróun borgarinnar. Talan 100 olli mér heilabrotum og á endanum ákvað ég að Reykvíkingum, sem náð höfðu 100 ára aldri yrði boðið að fagna tímamótunum með okkur inni á Höfða. Á annan tug 100 ára og eldri fékk þetta boð, nokkrir áttu ekki heimangengt eins og vonlegt var. Mér fannst með ólíkindum hvað fólkið hélt sér vel, og hafði frá mörgu að segja. Minnistæð er mér þrúðbúin kona, Halldóra Jónsdóttir sem bjó á Droplaugarstöðum og leit út fyrir að vera milli sextugs og sjötugs en var 103 ára. Hún hafði alla tíð verið einhleyp saumakona, greinilega mikil smekkmanneskja af klæðaburði að dæma. Þarna var líka Jón

Þorsteinsson rúmlega 102 ára, fæddur austur í sveitum en hafði m.a. ekið bíl fyrir Jón Þorláksson, sem var borgarstjóri 1933-1935. "Annars er ég enginn Reykvíkingur," sagði Jón Þorsteinsson. "Ég flutti ekki til bæjarins fyrr en 1918!"

Hinn 4. mars 1992 samþykkti borgarráð Reykjavíkur tillögu mína um að minnast þess merka áfanga að íbúar í Reykjavík væru orðnir 100 þúsund, með því að reisa tvö hús við Aðalstræti í stíl Innréttinga Skúla Magnússonar landfógeta, og eftirlíkingu af skála Ingólfs Arnarsonar og Hallveigar Fróðadóttur, fyrstu íbúa Reykjavíkur. Mér fannst rétt að hafa slíkt minjasafn á upprunalegum slóðum þessara fyrstu bygginga í sögu Reykjavíkur, í sjálfri miðborginni. Skáli Ingólfs myndi gefa skólafólki og ferðamönnum góða mynd af húsnaðismálum landsnámsfjölskyldunnar, samkvæmt áreiðanlegusutu heimildum, og þyrfti fólk ekki að heimsækja þjóðveldisbæinn austur í Þjorsárdal til að sjá eftirlíkingar af húsakosti fornanna. Sama gilti um Innréttingarnar með sögusafni tileinkuðu stofnun kaupstaðar í Reykjavík. Lóðamál við vestanvert Aðalstræti voru í uppnámi um þetta leyti og fékk ég Margréti Hallgrímsdóttur, borgarminjavörð í lið með mér um að móta hugmyndina. Markmiðið var því að heildarmynd Aðalstrætis minnti á sögu borgarinnar, og miðlaði henni áfram til borgarúanna og þeirra sem sækja borgina heim. Ennfremur var fyrirhugað að koma fyrir útivistarsvæðum í Grjótaþorpi og efna til samkeppni um nýtt Ingólfstorg á Steindórs- og Hallærisplönunum. Vegna fjárhagsörðugleika sem áttu eftir að fara vaxandi næstu tvö ár varð að fresta aðgerðum sunnan Ingólfstorgs og síðar dóu hugmyndirnar drottni sínum eftir að aðrir höfðu tekið við stjórn borgarmálanna.

Marga eftirminnilega gesti bar að garði í Höfða og í Ráðhúsinu eftir að það var tekið í notkun. Við hjónin tókum á móti Richard von Weizsäcker, forseta Þýskalands, og konu hans, Haraldi Noregskonungi og Sonju drottningu, Mario Soares, forseta Portúgals, Shimon Peres, utanríkisráðherra Ísraels og Helmut Schmidt, fyrrverandi kanslara Vestur-Þýskalands.



Þýskalandsforseti og frú á Arnarhóli ásamt Vigdísí Finnbogadóttur, forseta Íslands og okkur hjónum. Ég afhenti von Weizsäcker myndir af loftskipinu "Zeppelin greifi" sem teknar voru þegar það flaug yfir Ingólfsstyttna á Arnarhóli 1. júlí 1931.



Nýja Íslandskortið í Ráðhúsinu kom í góðar þarfir þegar við kynntum landshættu fyrir erlendum gestum. Þarna var Mario Soares, forseti Portúgals, í opinberri heimsókn til Íslands ásamt eiginkonu sinni. Soares spurði margs, m.a. um helstu eldfjöll og jarðhitasvæði á Íslandi.

Von Weizsäcker buðum við í gönguferð út í Lækjargötu og upp að Arnarhóli. Sá ég um leiðsögnina. Þetta var annað en forsetinn átti að venjast, að ganga tiltölulega óvarinn úti á götu og hitta vegfarendur og ræða við þá. Það urðu margir þýskir ferðamenn á vegi okkar og þeir himinlifandi yfir að sjá forseta sinn þarna í miðri Reykjavík og tóku hann tali. Við styttnu Ingólfs Arnarsonar á Arnarhóli afhenti ég Þýskalandsforseta innrammaða ljósmynd, sem tekin hafði verið á nákvæmlega sama stað þegar loftskipið "Zeppelin greifi" flaug yfir Ingólfsstyttna í Íslandsheimsókn sinni árið 1931. Þessi göngutúr tókst vel og endurtókum við gönguferð um miðbæjarsvæðið með norsku konungshjónunum og þá gerði ég grein fyrir hinum norrænu áhrifum. Shimon Peres var hér í boði ríkisstjórnarinnar en kom í "leynilega" einkaheimsókn að kvöldlagi í Ráðhúsið.

Samkvæmt beiðni hans var ég búinn að gera ráðstafanir til að hafa hvalkjöt handa honum að borða. Slíkt góðgæti hefði hann óviðá getað fengið. Fórum við út saman í kvöldverð á "Þremur frökkum" hjá Úlfari Eysteinsyni á Baldursgötunni. Hafði Peres lengi langað til að borða hvalkjöt og tengdi það frásögn Gamla testamentisins af Jónasi í hvalnum.

Við hjónin snæddum með Yoko Ono á veitingahúsinu við Tjörnina. Hún var þá í heimsókn hér á landi með Erro listmálara og heimsóttu þau Gunnar Kvaran, forstöðumann Kjarvalsstaða, en Yoko ætlaði að fá Gunnar og fjölskyldu hans til að koma til New York, þar sem þau áttu að sitja fyrir við gerð skúlptúrmyndar hennar. Yoko Ono var einstaklega alúðleg og skemmtilega ræðin um allt milli himins og jarðar. Kom mér það á óvart miðað við þær hugmyndir sem ég hafði gert mér um hana og voru vitaskuld að mestu byggðar á slúðursögum um heimsfrægar uppákomur hennar með John Lennon.

Gunnar Kvaran var einstaklega öflugur í starfi forstöðumanns á Kjarvalsstöðum. Sýningarhaldið í þessari listamiðstöð Reykjavíkurborgar bar því glögg merki. Hann var afar fróður um listir og sérfræðingur í öllu er laut að íslenskri myndlist og menningu. Auk þess var hann vel tengdur hinum



Það var ánægjulegt þegar vel viðraði að bjóða gestum okkar út úr Ráðhúsinu og fara í stutta gönguferð um miðborgina. Á þeim gafst mér tækifæri til að segja sögu borgarinnar og benda á merka staði, sem henni tengjast. Richard von Weizsäcker, forseti Þýskalands fékk auk þess tækifæri til að heilsa upp á nokkra landa sína sem hann hitti á götu.





Skipst á gjöfum við Dr. Hans Daniels, borgarstjóra í Bonn, sem bauð okkur hjónum að vera við setningu Reykjavíkurviku þar í borg. Á milli okkar á myndinni er Hjálmar W. Hannesson, sendiherra Íslands í Þýskalandi.

alþjóðlega listaheimi. Það var lykillinn að ýmsum tækifærum til að koma íslenski list og listafólkinu sjálfu á framfæri erlendis..

Mér fannst mikils virði að koma fram fyrir hönd Reykjavíkurborgar við listviðburði, sem skipulagðir voru á erlendri grund til að kynna fjölskrúðugt menningarlíf í höfuðborg Íslands. Þannig veittist mér sú ánægja að opna sýningu Kjarvalsstaða á íslenski nútímalist í Gautaborg og nokkru síðar vorum við hjónin gestir Hans Daniels, þáverandi borgarstjóra í Bonn í Þýskalandi, þegar þar var haldin Reykjavíkuvika með fjölbreyttum listviðburðum, sem um 100 íslenskir listamenn tóku þátt í. Ég setti hátíðina við opnun Kjarvalssýningar, síðan tóku við myndlistarsýningar íslenskra listakvenna, tónlistarviðburðir voru á dagskrá og bókmenntakynningar. Mér er minnisstæð rithöfundakynning sem Halldór Guðmundsson, skipulagði með miklum ágætum eins og hans var von og vísa. Þar kynnti Einar Kárason “Djöflaeyjuna” og gerði þýskum blaðamönnum grein fyrir kúrekaeðli villta vestursins sem væri grasserandi í nútíma Íslendingum! Féll sú lýsing í góðan jarðveg.

Það var ofarlega á verkefnaskrá minni að efla ferðamennsku í borginni. Ég hafði tvívegis verið formaður í ferðamálanefnd borgarinnar og starfaði forðum í greininni. Í samvinnu við Emil Guðmundsson, forstöðumann Icelandair í Amsterdam, sótti ég ferða- og ljúfmetiskynningu, sem hann undirbjó þar á Plaza Hotel. Flugleiðir buðu okkur hjónum einnig í fyrsta áætlanarflug félagsins til Fort Lauderdale í Flórída og kom ég fram á fundum með viðskiptaráði borgarinnar og við fleiri opinber tækifæri. Það var dálítið kostulegt sem gerðist þegar við nálguðumst Fort Lauderdale. Okkur Herði Sigurgestssyni, stjórnarformanni Icelandair, var boðið að koma fram í stjórnklefann og vera þar í landingunni. Þetta var einstaklega ljúft síðsumarskvöld og himininn ævintýralega fagur í kvöldroðanum þegar við hófum aðflug yfir sjó suður með Flórídaströndinni. Framundan var Fort Lauderdale glæsilega upplýst en í þann mund er flugstjórinn beygði vélinni í átt að flugvælinum,



“Djöflaeyjan”, skáldsaga Einars Kárasonar, í þýskri útgáfu. Einar og fleiri íslenskir höfundar kynntu verk sín á Reykjavíkurvíkunni í Bonn. Þar var einnig haldin sýning Kjarvalsstaða á málverkum eftir Kjarval, sem ég opnaði, og haldnir voru tónleikar íslenskra listamanna.

reis hann upp í sæti sínu í öryggisbeltinu og skimaði út um gluggana hægra megin um leið og hann kallaði til okkar Harðar: "Strákar. Sjáið þið flugbrautina?" Þetta var ótrúleg spurning innan um allan þann stórbrotna tækjabúnað sem Boeing 757 er búin til að rata um himininn og koma sér niður á jörðina. Háspennustöð á vellinum hafði bilað og þetta var í fyrsta skipti sem flugmennirnir voru að koma á þennan flugvöll. Hann lá samsíða aðalveginum þvert yfir Flórída og var því mjög erfitt að greina brautina í hálfökkri við hliðina á allri ljósadýrð bílvegarins. Við Hörður tókum að skima út um gluggana en á næsta augabragði kviknuðu ljósin á flugbrautinni og aðflugstækin fóru aftur í gang. Þetta var skemmtileg sönnun þess að seint munu tæki og tölvur leysa mannsheilann alfarið af hólmi.


Eins og hefð var fyrir í marga áratugi átti Reykjavíkurborg samstarf við höfuðborgir hinna Norðurlandanna og var nokkuð um heimsóknir á milli þeirra og ráðstefnur. Sat ég einnig í stjórn hinnar sameiginlegu menningarmiðstövar þeirra í Hässelby, fyrir utan Stokkhólm.

Ein er sú utanlandsferð sem stendur ofar í endurminningunni en flestar aðrar. Áður en ég tók við embætti hafði borist heimboð til borgarstjórans í Reykjavík frá borgarstjóranum í Taipei á Taiwan um að koma þangað í heimsókn. Boðið var ítrekað. Samskipti Vesturlanda við Kína höfðu kulnað mjög eftir blóðbaðið, sem kínversk yfirvöld stóðu fyrir á Torgi hins himneska friðar 4. júní 1989. Taiwan vildi eiga góð menningarleg og viðskiptaleg samskipti við umheiminn og sýna sjálfstæði sitt í verki gagnvart stjórn kommúnista í Beijing. Það var afráðið að við Steinunn þæðum þetta boð og var Taiwan-ferðin mjög lærdómsrík, þó að talsmenn íslenska utanríkisráðuneytisins voruðu við því að ekki mætti styggja stjórn alþýðulýðveldisins með slíku uppátæki. Á Taiwan gafst okkur m.a. tækifæri til að skoða hátækniver í stórkostlegum iðngörðum, fara um umskipunarhöfnina í Kaohsiung, sem er ein stærsta gámahöfn heimsins, og hitta fiskinnflytjendur þar. Einnig fékk Steinunn tækifæri til að heimsækja skóla fyrir

afburðagreind börn.

Fulltrúi borgarstjórnarinnar, sem var í för með okkur, hét Ye en eins og venja er bæta þarlendir oft við Vesturlandanafni við hið kínverska nafn sitt til hægðarauka fyrir erlenda gesti. Þá geta þeir orðið Roy Sen, Joseph Fu eða Mary Lin. Okkar maður var mjög stoltur af að kalla sig Hannibal. Hann hafði séð bíómyndina um hinn eina og sanna Hannibal og þaðan var nafnið komið. Honum var einnig kunnugt um hinn Hannibalinn, þann íslenska og son hans, sem var utanríkisráðherra Íslands um þessar mundir. Taiwanski Hannibal hafði líka orð á þeirri tengingu og var stoltur af. Meðal þess sem gestgjafarnir sýna erlendum gestum er þjóðminjasafn með stórfenglegum munum frá örófi alda í kínverskri sögu, sem liðsmenn Chang Kai Shek höfðu með sér frá meginlandinu á flóttanum undan kommúnistum 1949. Það má vafalaust deila um það, hvar slíkir gripir eigi heima en manni varð hugsað til menningarbyltingar rauðu varðliðanna á sjöunda áratugnum og hvernig þeir eyðilögðu menningarleg verðmæti og minjar úr kínverskri sögu á skipulegan hátt með sérstakri velþóknun Maos formanns. Hvað hefði orðið um þessa stórfengulegu muni þá?

Helsta útflutningsafurð okkar Íslendinga til Taiwan var grálúða, sem erfitt var að fá. Einn morguninn nokkru eftir heimkomu mína fékk ég upphringingu frá útlöndum á borgarstjóraskrifstofuna. Það var maður á Taiwan sem vildi fá að tala við borgarstjóran. Hann var fiskinnflytjandi og rifjaði upp að við hefðum hist á bryggjunni í heimsókninni. Nú sagðist hann vera í stökustu vandræðum, hann ætti enga grálúðu og spurði hvort ég gæti ekki hlaupið undir bagga. Hvort ég gæti ekki bjargað sér um fullan 40 feta gám með grálúðu með næsta skipi. Mér fannst þetta einstök sjálfsbjargarviðleitni hjá fiskkaupmanninum og hét því að gera allt sem ég gæti til að bjarga honum um grálúðuna. Fékk ég aðstoð Ólafs Jónssonar, lögfræðings, sem var allsherjar reddari í Ráðhúsinu og náinn samstarfsmaður minn, til að hafa uppi á uppi grálúðu í verstöðvum landsins og tókst að lokum að koma sendingunni saman og tók útgerðarfyrirtæki að



Góðar umbætur í bílastæðamálum borgarinnar urðu þegar ný bílastæðahús voru opnuð við Vitatorg, inni við Vitastíg, og í Traðarkoti, gegnt Þjóðleikhúsinu.

Á skömmum tíma voru tekin í notkun samstals 623 ný bílastæði í Ráðhúsinu, Traðarkoti og undir Vitatorgi.

sér framhald málsins.

Nokkru síðar fékk ég tilkynningu frá sendiráði Kína á Íslandi um að kínversk sendinefnd hefði áhuga á að koma í heimsókn til Reykjavíkur og var vísað til gamals vinabæjasamkomulags milli Reykjavíkur og Beijing. Reyndar átti þetta að vera stutt heimsón því að sendinefndin væri að fara á ráðstefnu í Madrid og ætlaði að heimsækja nokkur Evrópulönd í leiðinni. Mér fannst rétt að taka á móti sendinefndinni enda orðið tímabært að samskipti við Kína kæmst í betra horf eftir ódæðisverkin í Beijing 1989, sem ekki yrði hægt að erfa við þarlend stjórnvöld endalaust. Koma þessarar sendinefndar átti sinn þátt í að skapa normalt ástand á ný. Það var hins vegar dálítið önuget, að formaður sendinefndarinnar, skeleggur ungur maður, hafði víst verið borgarstjóri öryggismála í Beijing, sá sem stjórnað hafði aðgerðum 1989. Svo var sagt en við fengum slíkt auðvitað ekki staðfest. En í hópnum voru líka yfirmenn ferðamála, verklegara framkvæmda og af fleiri sviðum. Við þessa heimsókn rifjuðust upp ummæli Helmut Schmidt, fyrrum kanslara Vestur-Þýskalands, sem hann lét falla í samtali okkar í Höfða: ”Menn skulu ekki gera sér neinar vonir um að mannréttindi í okkar vestræna skilningi komist á í Kína á næstu áratugum, ef þá nokkurn tímann. Þessu verðum við að kyngja, ef við viljum eiga samskipti við kínversk stjórnvöld”.

Jafnvíðtækur rekstur og umsvif Reykjavíkurborgar á hinum margvíslegustu sviðum þurfti að vera stöðugt í endurskoðun vegna breyttra aðstæðna. Reykjavíkurborg hafði keypt Hótel Borg til þess að lifandi hótélrekstur héldi áfram en að þar yrði ekki pensjónat fyrir alþingismenn utan af landi. Það gekk hins vegar hægt að finna nýjan kaupanda, sem vildi reka hótél. Mér fannst brýnt að Reykjavíkurborg losaði sig við “Borgina” og það var einstök heppni þegar Tómas A. Tómasson, veitingamaður, sýndi málinu áhuga og gerði að lokum kaupsamning og réðst í miklar endurbætur á hótelinu.

Í kosningabaráttunni 1982 hafði Sjálfstæðislokkurinn lýst því yfir að Bæjarútgerð Reykjavíkur yrði seld. Hún var



Eftir dýpkun gömlu hafnarinnar og lagningu Geirsgötu gátu skemmtiferðaskip lagst að Miðbakka, nánast inni í miðborg Reykjavíkur.

barn síns tíma, stofnuð 1947, þegar fyrsti nýsköpunartogarinn, Ingólfur Arnarson, sigldi fánum prýddur inn um hafnarmynnið. Reykvíkingar þurftu að eignast nýja togara eins og fjölmörg sveitarfélög önnur höfðu á þrjónunum þegar stríðsgróðanum var útteilt til smíði á nýjum og glæsilegum fiskiskipum. BÚR var mikilvægur vinnuveitandi en reksturinn var byrði á borgarsjóði og áframhaldandi taprekstur gat ekki gengið endalaust. Pólitískt kjörin nefnd og pólitík við ráðningu forstjóra gat átt við fyrr á árunum en ekki lengur. BÚR var selt og hið glæsilega sjávarútvegsfyrirtæki Grandi hf. var reist á grunni þess 1985. Vel heppnuð einkavæðing. Þegar ég tók við sem borgarstjóri fékk ég Ingu Jónu Þórðardóttur, viðskiptafræðing, til að gera úttekt á ýmsum rekstrarþáttum borgarinnar og borgarfyrirtækja með það fyrir augum að breyta rekstrarformi þeirra, selja eða eiga áfram í hlutafélögum. Af gömlum vana höfðu viðskipti um kaup á vörum og þjónustu haldist hjá sömu fyrirtækjum án þess að nokkuð væri kannað hvort betri kjör byðust hjá öðrum. Fleiri vildu komast að og það gat verið til hagsbóta fyrir borgina að efna í auknum mæli til útboða og gera formlegan verðsamanburð reglulega.

Áður en ég tók við sem borgarstjóri var hafin athugun á breyttu rekstrarformi Strætisvagna Reykjavíkur. Sveinn Andri Sveinsson, formaður stjórnar SVR, var áhugasamur um róttækar breytingar. Ég hafði lengi haft efasemdir um ágæti þess að reka strætisvagnana sem borgarstofnun og hafa yfir þeirri starfsemi stjórn SVR, skipaða pólitískum borgarfulltrúum sem flestir höfðu litla sem enga sérþekkingu á rekstri strætisvagna. Hjá mér var þetta sama viðhorf og gagnvart framtíð Ríkisútvarpsins. Sem útvarpsstjóri mælti ég með því að það yrði gert að hlutafélagi í eigu ríkisins, með sérstakri rekstrarstjórn en laust við pólitískt útvarpsráð. Varðandi SVR gerði ég ráð fyrir að fyrirtækið sem hlutafélag í eigu borgarinnar gæti m.a. veitt fjölþættari þjónustu í samstarfi við önnur sveitarfélög. Starfsmennirnir, fyrst og fremst vagnstjórar, beittu sér af alefli gegn öllum breytingum og snerist ágreiningurinn einkanlega um stöðu lífeyrismála. Sérfræðingar borgarinnar höfðu sagt að starfsmenn yrðu að fara úr sínum gamla lífeyrissjóði. Á síðari stigum breyttu þeir þessu álitu sínu, starfsmönnum í hag. En það kom of seint. Málið var tekið af dagskrá til að skapa frið fyrir kosningar.

Nýjar þjónustustofn



Við Lindargötu var úthlutað nýjum íbúðum fyrir aldraða. Þar var líka opnuð félags- og þjónustumiðstöð fyrir eldri borgarbúa.



Nýja sundlaugin í Árbæjarhverfi var opnuð vorið 1994.

anir teknar í notkun



Reykjavíkurborg lagði fé til byggingar dvalar- og hjúkrunarheimilis sameignarfélagsins Eirar, sem tók til starfa 1993.



Í Mjóddinni voru reist fjölbýlishús fyrir aldraða og félags- og þjónustumiðstöð borgarinnar á milli þeirra. Slíkar miðstöðvar voru einnig teknar í notkun í Arbæ, við Hæðargarð og á Aflagranda.



Í Valhöll var hljóðið dauft þegar talið barst að undirbúningi næstu borgarstjórnarkosninga. Mér var tjáð að litlir sem engir peningar yrðu til að heyja kosningabaráttu og nauðsynlegt kynningarstarf. Ekki var vanþörf á í umtalsverðu atvinnuleysi og efnahagsörðugleikum.

**GEGN
GLUNDROÐA**

Vinstri flokkarnir sem mynda óvinslustu ríkisstjórn á Íslandi fyrr og síðar bjóðast nú til þess að taka að sér stjórn Reykjavíkur.

Vinstri stjórnin í Reykjavík á árunum 1978 til 1982 er öllum í fersku máni. Þá lagði allt í innbyrðis deilum.

Þá voru vinstri flokkarnir þrír. Nú eru þeir sex.

Glundroðinn leiddi til stöðunar og daða í atvinnulífi. Borgarþaum fækkaði og fyrirtæki fluttu brott. Kosningaloforð vinstri flokkanna voru svikin.

Reykjavíkingar vilja ekki vinstri stjórn. Atkvæði greitt D-lista Sjálfstæðisflokksins er eina tryggingin gegn glundroða.

XD

Borgarstjórnarkosningar
26. maí 1990

Flokkurinn hafði unnið glæsilegan sigur í borgarstjórnarkosningunum 1990 undir forystu Davíðs Oddssonar. Þá var óvinsæl vinstri ríkisstjórn við völd og andstæðingar í borgarstjórn buðu fram marga lista. Nú var unnið hörðum höndum að sameiginlegu framboði þeirra, sem líklegt væri til að fá fleiri atkvæði en Sjálfstæðisflokkurinn. Tafilstaðan var gjörbreytt.

Þegar nokkrir borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fóru að vinna gegn mér og tómlæti annarra fór vaxandi eftir því sem á leið árinu 1993, nefndi ég það við forystumenn flokksins þar á meðal Davíð Oddsson, að ég kynni því mjög illa, að sumir borgarfulltrúar reru gegn mér leynt og ljóst, meðal annars með því að klifa sífellt á því að ég væri ekki kjörinn borgarfulltrúi og því umboðslaus borgarstjóri. Taldi ég ekki seinna vænna en að efnt yrði til prófkjörs vegna kosninganna 1994 snemma

Stormur

um haustið 1993, þannig að í ljós kæmi hvern hug kjósendur Sjálfstæðisflokksins bæru til forystustarfa minna. Ekki virtust tók á að hraða prófkjörinu og ekki varð mér af þeirri ósk minni til þrautavara að prófkjörið færi fram í lok nóvember. Ég vissi að það hafði áður reynst heppilegur tími. Þannig gætu frambjóðendur jafnað sig eftir prófkjörsslaginn og safnað kröftum yfir hátíðarnar áður en uppstillingu framboðslista yrði lokið og hinn raunverulegi kosningaslagur undirbúinn og hafinn snemma á árinu 1994 vegna kosninga í maí. Miklir meinbugir voru nú taldir á þessu.

Á fundi fulltrúaráðs sjálfstæðisfélaganna hinn 12. október 1993 var loks ákveðið að prófkjörið færi fram 30. og 31. janúar 1994. Í desember var ég farinn að finna enn frekar fyrir mótbyr sem andaði frá nokkrum forystumönnum í fulltrúaráðinu. Ég ákvað því að kveðja til liðs við mig marga tryggja stuðningsmenn og boða til fundar í Víkingasal Hótel Loftleiða fljótlega, þar sem mér gæfist kostur á að kynna framboð mitt í prófkjöri og viðhorf mín til borgarstjórnarkosninganna að vori. Aðsóknin að fundinum fór langt fram úr björtustu vonum, salurinn sneisafullur og góð stemmning. Ég hafði að sjálfsgöðu boðið öllum borgarfulltrúum flokksins, þó að ég vænti einskis stuðnings af

sumum þeirra. Held ég að þessi fundur hafi orðið til þess að í þeim sljákkaði og ekki bar á óvæntum uppákomum í bili, sem ætlaðar væru til að veikja stöðu mína sem forystumanns. Svo langt hafði gengið, að samsærismenn, sem ég fékk nú reyndar ekki nafgreinda, höfðu samband við Styrmi Gunnarsson, ritstjóra Morgunblaðsins, til að koma á framfæri við hann “fréttum” úr borgarkerfinu, sem ég yrði að svara fyrir og gætu komið mér illa ef þær birtust í blaðinu. Hafði Styrmir orð á því síðar á fundi með sjálfstæðisfólki hversu

þeirra.

Sú hugsun hafði oftast en einu sinni og oftast en tvisvar sótt á mig, að ástæðulaust væri fyrir mig að tefla orðstír mínum og heiðri í óefni vegna vandræða sem borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins hefðu ratað í með loforðalista sínum. Til að bíta hausinn af skömminni létu þeir mig að mestu bera þennan þunga kross í umræðum á borgarstjórnarfundum og reyndu að láta sem minnst fyrir sér fara í opinberri umfjöllun. “Til hvers í andskotanu á ég að vera að vaða

í aðsigi

fáheyrð óheilindi þetta hefðu verið úr innsta hring Sjálfstæðisflokksins í garð borgarstjóra flokksins.

Svo bágborin var peningastaðan á skrifstofum Sjálfstæðisflokksins í Valhöll, að Kjartan Gunnarsson, framkvæmdastjóri, og Baldur Guðlaugsson, formaður fulltrúaráðsins, sögðu um það leyti sem undirbúningur kosningabaráttu átti að hefjast, að það yrðu litlir eða engir peningar til að heyja kosningabaráttu! Sagði ég þá hreinskilnislega á móti, að ef þetta beindist gegn mér persónulega skyldi ég við fyrsta tækifæri draga mig í hlé og gera þá grein fyrir því opinberlega hvers kyns væri. Á fundum með fjármálaráði flokksins kvað við sama tón. Það var úr vöndu að ráða. Hinir þaulreyndu fjáraflamenn og viðskiptajöfrar spurðu mig hvað ég legði til um aðgerðir til að bjarga við fjárhag flokksins! Ég taldi öðrum viðstöddum miklu betur treystandi til þess og vildi reyndar ekki af siðferðislegum ástæðum blanda mér beint í fjáröflunarstarf flokksins. Reyndar átti ég ekki upp á pallborðið hjá nokkrum þeirra, sem sátu við Valhallar-borðið með mér. Sem fjárfestum í nýjum einkareknum fjölmiðlum hafði þeim vaxið í augum hvað ég hafði gengið hart fram í endurskipulagningu Ríkisútvarpsins og eflingu þess til að mæta samkeppni frá stöðvunum

þennan eld, ég sem kom hvergi nærri þessum ákvörðunum sem teknar voru löngu áður en ég varð borgarstjóri?”, var áleitinn spurning, sem ég spurði sjálfan mig nokkuð reglulega.

Um sumarið 1993 og fram eftir hausti var ég farinn að íhuga afsögn og velti fyrir mér tímasetningu. Ég minntist samtals okkar Davíðs frá því í júní 1991, þar sem því var slegið föstu að ég færi í prófkjör við lok kjörtímabilsins og fengi þá dóm flokksfólksins í Reykjavík og sæti á lista eins og mér bæri samkvæmt honum. Ég óttaðist ekki þá niðurstöðu og taldi miklu máli skipta að hún kæmi fram sem fyrst, hver sem framvinda minna mála yrði að öðru leyti.

Þegar líða tók að prófkjöri fór að skýrast hverjir af fyrri borgarfulltrúum myndu gefa kost á sér. Mér kom það á óvart að Magnús L. Sveinsson, forseti borgarstjórnar, skyldi hafa ákveðið að hætta. Bar hann því við að áhugi sinn á störfum í þágu Sjálfstæðisflokksins hefði mjög dvínað vegna áróðurs Hannesar H. Gissurarsonar og frjálshyggjudrengja hans, sem meðal annars hefðu hnjóðað í ræðu og riti í svokallaða ”verkalýðsrekendur”, þ.e. forystumenn Sjálfstæðisflokksins í verklýðshreyfingunni. Sagðist Magnús taka þetta sérstaklega til sín enda var hann bæði formaður og framkvæmdastjóri VR.



Við umræður um fjárhagsáætlun 1994. Hugur minn beindist æ meir að hugsanlegum sviðsmyndum eftir kosningar. Kunni ég því illa að safna glóðum elds að höfði mér. Ef illa færi í komandi kosningum yrði allri skuldinni skellt á mig og nýtt uppgjör færi fram, sem greinilega gæti leitt til átaka. Var það eftirsóknarvert? Mér hugnaðist ekki sú staða í mjög tvísýnni kosningabaráttu að þurfa að berjast við pólitíska andstæðinga undir opinberum svigurmælum "samherja" í borgarstjórninni.



Albert Guðmundsson heimsótti mig í Ráðhúsið og tilkynnti mér að hann ætlaði að bjóða fram lista í borgarstjórnarkosningunum. Hann hafði frá ýmsu að segja um það hvernig ólíklegustu samstarfsmenn minir væru að snúa við mér baki. Það var kannski eðlilegur undanfari þess að hann bauð mér að taka sæti á framboðslistanum með sér! Þetta var síðasta samtal okkar Alberts. Hann dó í apríl 1994. Hefði ég farið í framboð með Alberti?

Fannst honum rétt að taka sér hvíld frá stjórnmalastörfum. Magnús hvíldist fljótt, því að hann var kominn í framboð til Alþingis á lista Sjálfstæðisflokksins ári síðar. Við Magnús höfðum lengi starfað saman og átt ágæt persónuleg samskipti, þannig að mér fannst miður að heyra þessi tíðindi.

Auk Magnúsar var Davíð Oddsson ekki í framboði né heldur Katrín Fjeldsted, sem sett hafði verið í 3. sæti listans fyrir kosningarnar 1990 en þá var ekkert prófkjör viðhaft. Katrín tilkynnti ákvörðun sína með meiri viðhöfn en aðrir sem ákváðu að fara ekki fram. Hún stormaði upp í Valhöll og boðaði þangað fréttamenn til að hlýða á boðskap sinn daginn áður en framboðsfresturinn til prófkjörs rann út þann 7. janúar 1994. Þar flutti hún átakanlega harmsögu um skilningsleysi samstarfsmanna í sinn garð og afleit áhrif prófkjaranna á andrúmsloftið í flokksstarfinu:

“Eins og prófkjörin hafa þróast á liðnum árum hef ég hins vegar ákveðnar efasemdir um ágæti þeirra. Þegar skráðar eða óskráðar leikreglur þeirra eru á þá lund, að hægt er að segja fyrir um „rússneska kosningu“ ákveðinna manna í ákveðin sæti, en tilviljun ræður mestu um skipun annarra, er nánast ómögulegt að koma saman lista sem endurspegli til fulls þann styrkleika, breidd og fjölbreytni sjónarmiða, sem hafa verið meginstyrkur Sjálfstæðisflokksins frá upphafi. Ég tel mig því ekki geta sótt í niðurstöður prófkjörs þann styrk og stuðning við mín sjónarmið í borgarmálum, sem ég þyrfti á að halda, til að bera þau fram til sigurs í borgarstjórn á næsta kjörtímabili. Annar ókostur við prófkjör, er að í stað málefnaátaka eru þau rekin sem hatröm átök um persónuvinsældir og leiða þannig oft til sárinda og tortryggni meðal þeirra sem ætlað er að starfa saman af heilindum næsta kjörtímabil. Þannig verður borgarstjórnarflokkurinn ósamstæðari en ella þyrfti að vera.”

Þetta var tækifærisræða, sem hentaði í augnablikinu. Sannleikurinn var sá að fyrirfram óttaðist Katrín Fjeldsted að lúta í lægra haldi fyrir Ingu Jónu Þórðardóttur, sem ákvað að taka þátt í prófkjörinu til borgarstjórnar. Þrátt fyrir allar þessar meinsemdir prófkjara sem

Byggjum á reynslu þess sem vel hefur tekist



Styrk stjórn er undanfarið góða verka



Þekking á mismunandi þörfum samborgaranna



Jafnvægj stuðulur að bættum hag borgarbrúa



Alþjóðleg tengsl byggja á trausti og vísunni

Borgarstjórinn, Markús Örn Antonsson, var fyrst kjörinn í borgarstjórn Reykjavíkur 27 ára gamall árið 1970 og gegndi starfi borgarfulltrúa í 14 ár. Hann var valinn í fjölmargar trúnaðarstöður og til formennsku í ráðum og nefndum borgarinnar. Markús var forseti borgarstjórnar þegar hún tók við embætti útvarpsstjóra Ríkisútvarpsins árið 1985.

Sem borgarstjóri hefur Markús áunnit sér virðingu Reykjavíkinga fyrir vönduð vinnubrögð og yfirgripsmikla þekkingu á málafnum Reykjavíkur og hagsmunum borgarbrúa. Hann hefur þroska og lífsreynslu til að sjá og skilgreina hvað borginni er fyrir bestu. Kjörð hans er: Ný tekið.

Í prófkjöri veljum við forystusveit sjálfstæðismanna fyrir kosningabaráttuna í vor. Góð þátttaka og eindreginn stuðningur við borgarstjórnann í 1. sætið áréttar samstöðu, einhug og sökn undir styrki stjórn Markúsar.

Markús Örn númer eitt.

Öflug borg í öruggum höndum.

Katrín tíundaði, var hún aftur komin í prófkjöri nýu mánuðum seinna vegna alþingiskosninga 1995 og það án þess að prófkjörsreglur eða eðli prófkjörsins hefði nokkurn skapaðan hlut breyst. Strax eftir prófkjörið fyrir borgarstjórnarkosningarnar taldi Katrín sig hafa frjálssar hendur og var farin að sá tortryggni í garð frambjóðenda Sjálfstæðisflokksins, flytja palladóma í Tímann og fréttaskýringar í andstæðingablöðum um þá og misjafnt gengi þeirra í prófkjörinu. Hún lýsti því m.a. yfir að hún hefði ekki nægilega trú á listanum. Huggulegt veganesti fyrir okkur, og mig sérstaklega, í upphafi kosningabaráttu. Hvers væri að vænta af Katrínu í málflutningi hennar á fundum borgarstjórnar, þar sem hún myndi sitja áfram fram yfir kosningar? Og við hverju mátti búast af öðrum borgarfulltúum, sem fóru illa út úr prófkjörinu og höfðu snúist gegn mér á síðustu misserum?

Júlíus Hafstein hafði ætlað að styrkja stöðu sína með því að komast í sviðsljósið við undirbúning á 90 ára afmælishátíð heimastjórnarinnar rétt fyrir prófkjör, en hana átti að hefja í Ráðhúsinu 1. febrúar 1994. Júlíus var formaður undirbúningsnefndarinnar. Hátíðin snerist upp í að verða pólitískt banamein hans vegna dæmalausrar deilu sem hann lenti í við Rithöfundasamband Íslands eftir að hafa ráðið Örnólf Árnason til að rita leikþátt um heimastjórnina en síðan hafnað verkinu og rekið Örnólf en ráðið Indriða G. Þorsteinsson í staðinn. Var þetta gert án þess að ég hefði minnstu hugmynd um það. Örnólfur fékk greiddar 250 þús. krónur fyrir leikrit sem aldrei var sýnt. Þessi leikflétta Júlíusar kostaði borgina sem sagt töluverðar fjárhæðir og kom Sjálfstæðisflokknum í koll en hitti Júlíus þó verst fyrir sjálfan í álit hjá sjálfstæðisfólki, sem mislíkaði fjárausturinn í þungu árferði.

Sem aldrei fyrr var það úrslitaatriði að frambjóðendur flokksins sýndu samstöðu í aðdraganda kosningabaráttunnar. Við höfðum storminn í fangið. Semma árs 1994 var fylgi Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík 30% í könnunum en fylgi flokksins á landsvísi mældist 20%. Frá því seint á árinu 1993 höfðu farið fram viðræðufundir

Prófkjör í janúar 1994. Þetta var í fimmta skipti sem ég gaf kost á mér í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins og í fyrsta sinn sem stuðningsmenn birtu heilsíðuauglýsingar af þessum toga.

minnhlutflokkanna um sameiginlegt framboð að vori. Fæðingarhríðir R-lista framboðsins voru að hefjast. Í kosningum til borgarstjórnar hafði Sjálfstæðisflokkurinn oft notið góðs af skiptingu atkvæða milli 4-5 minnihlutflokka og náð meirihluta borgarfulltrúa án þess að fá meirihluta greiddra atkvæða. Áskoranirnar höfðu sjaldan eða aldrei verið jafnmiklar. Það gat líka gætt vissrar þreytu meðal kjósenda nú eftir 12 ára samfelldan valdatíma Sjálfstæðisflokksins í borginni. Viðhorf kjósenda voru að breytast og flokkshollusta á undanhaldi, "Hvers vegna ekki að gefa hinum séns?" Vinur minn Jón Hákon Magnússon, fjölmiðlafræðingur, kom fram í sjónvarpi og ræddi forsetakosningar sem framundan voru í Bandaríkjunum þegar George Bush eldri sóttist eftir endurkjöri í viðureign við Bill Clinton. Jón Hákon talaði um það sem Akkílesarhæl Bush, að repúblíkanar hefðu haft forsetaembættið í tólf ár. Það væri orðinn langur tími fyrir samfelldan

Ingólfstorg



Við Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, formaður hönnunarnefndar Ingólfstorg, við vígslu þess 4. desember 1993.



Ingólfstorg býður upp á gott rými fyrir fjöldasamkomur af ýmsu tagi í hjarta borgarinnar.

Í miðri borg



Ýmsir viðburðir á Ingólfstorgi hafa verið geysilega fjölsóttir, svo sem útifundir, hljómleikar og sjónvarp á risaskjá frá alþjóðlegum íþróttamótum sem Ísland hefur keppt í. Þar hefur aukinheldur verið jólamarkaður og skautasvell.



Ingólfstorg kom í staðinn fyrir "Hallærisplanið" á horni Austurstrætis og Aðalstrætis, og athafnasvæði leigubílastöðvar Steindórs við Hafnarstræti.

Þriðjungur telur Markús ekki besta kostinn

Tæp 66 prósent telja Markús Örn besta borgarstjóraefni Sjálfstæðisflokksins. Ární Sigfússon er næst besti kosturinn.

Sambærni niðurstaða könnunar sem Skáli gerði fyrir EINTAK telja 66 prósent þeirra sem tóku aðild að Markús Örn Antonsson besta borgarstjóraefni Sjálfstæðisflokksins. 34 prósent teldu svo ekki vera og nefndu Ární Sigfússon, þing- og blaðmaður dóttur, Vilhjálm P. Vilhjásson, kvartu Fjaldsted eða ýmsa öðra.




Spurtt var hvort fólk telur Markús Örn Antonsson besta borgarstjóraefni Sjálfstæðisflokksins.

betri kost. Eilert B. Schram, ritstjóri EY, sem kom til sölu í þessu sambærni í aðrasta viku, var ekki meðfarar í niðurstöðunum. Allt var leitað svara hjá fæddu þriðjungnum, 49 prósent þeirra teldu Markús besta kostinn. 34 prósent teldu að svare spurningarinnar og 30 prósent gátu ekki ákveðið sig. 22,2 prósent teldu Markús hin veggur ekki besta kost valkostanna.

Þessi skilríki þegar var þá spurð um hvort hann vildi fremur sé sem borgarstjóraefni. Ární Sigfússon, borgarfulltrúi og annar maður á lista flokksins, ekki bestu afkönt og þrjú svör sýndu þessum flokki en næst maður. Þá kom lagi lagi Þorbjörgu, sem skiptir forða sætið, og Vilhjálm P. Vilhjásson, sem situr í þriðja sæti listans, kom þar á eftir. Kvartu Fjaldsted, borgarfulltrúi sem ekki tók þátt í könnuninni og er því ekki á lista sjálfstæðisflokksins, kom sáhan í eftir Vilhjálm.

Margt aðrir svögj meðfar. Til dæmis Davíð Oddsson forseti ráðgjafi og Ásgerður Gunnarsdóttir, forverandi seðisráðgjafi. Eilert B. Schram kom hin veggur ekki við spurn þessari könnun. Í ströðklægu er skoðað hverja stöðu Markús kemur í list að 66 prósent þeirra sem spögjast að að



MARKÚS ÖRN ANTONSSON BORGARSTJÓRI

Stuðningur

Blaðið Eintak í ritstjórn Gunnars Smára Egilssonar birti skóðanakannanir sem áttu að sýna fallandi gengi mitt. Í vali á fyrirsögn skipti greinilega ekki máli að næstum 66% töldu mig besta kostinn í borgarstjóraembættið!

KATRÍN FJELDSTED BORGARFULLTRÚI

Ekki ótvíræður stuðningur við Markús

„Mér finnst þessar niðurstöður ekki sýna ótvíræðan stuðning“

Ög Katrín Fjaldsted, borgarfulltrúi flokksins, var tilbúin til að taka undir áróðurinn sem andstæðingar flokksins höfðu í frammi gegn mér.


valdatíma sama flokks og þá vildi fólk breyta til, fá eitthvað nýtt. Ég þakkaði honum kærlega fyrir þennan boðskap í eyru kjósenda í Reykjavík á örlagastundu!

Undirbúningur sameiginlegs framboðs minnihlutaflokkanna fékk aukinn meðbyr undir árslok 1993. Ekki var þó ljóst hver myndi leiða listann. En það voru fleiri sem veltu fyrir sér að bjóða fram og töldu sig kjörna til að stjórna málum Reykjavíkinga. Albert Guðmundsson var kominn heim eftir að hafa gegnt embætti sendiherra í París undanfarin fjögur ár. Skömmu eftir áramótin kom Albert til mín í Ráðhúsið. Við höfðum lengi starfað saman í meirihuta Sjálfstæðisflokksins í borgarstjórn og hann hafði stutt mig til góðra verka. Ég hafði líka veitt honum stuðning þegar hann bauð sig fram til embættis forseta Íslands 1980. Hann var ekki búinn að sættast við Sjálfstæðisflokkinn eftir að hann þurfti að segja af sér ráðherraembætti, sem varð til þess að hann klauf Sjálfstæðisflokkinn og bauð fram til Alþingis í nafni Borgaraflokksins. Albert var kominn til að segja mér að hann væri að undirbúa framboð til borgarstjórnar þá um vorið. Síðan leiddi hann talið að svikráðum hinna ýmsu aðila innan flokksins við mig og sagði svo í lokin: “Þú tekur sæti á listanum með mér”, og kvaddi. Þetta var í síðasta sinn sem ég talaði við Albert. Hann lést í apríl 1994.

Prófkjörið 30. og 31. janúar 1994 heppnaðist vel og var eins og vítamínssprauta fyrir starfið innan Sjálfstæðisflokksins. Frambjóðendurnir 25 talsins kynntu sig í ræðu og riti, margir birtu auglýsingar og nokkir opnuðu kosningaskrifstofur þar sem stuðningsmenn hittust til að ræða stöðuna og leggja á ráðin og sátu við símann við úthringingar. Það var smalað og margir nýir liðsmenn óskuðu inngöngu í Sjálfstæðisflokkinn. Þar með var komin viss skuldbinding um stuðning við flokkinn í kosningunum. Það hefði verið yfirlýsing um panikk hjá mér ef ég hefði opnað kosningaskrifstofu. Ég gerði það ekki. Hins vegar ætlaði ég ekki að tynast í skugganum af hinum og birti auglýsingar, sem ég og nokkrir stuðningsmenn mínir borguðu. Aðrir frambjóðendur höfðu þó ekki skorað mig á hólum

Spá **PRESSUNNAR** um úrslit í prófkjöri sjálfstæðismanna í Reykjavík

RÚSSNESK KOSNING FYRIR KRÚSA



“Pressan” í ritstjórn Karls Th. Birgissonar reyndist sannspá um útkomu mína í prófkjörinu. Sumir aðrir hlutu verri niðurstöðu en þeir höfðu vænst og áttu mjög erfitt með að kynngja því.

í viðureign um fyrsta sætið.

Þátttakan í prófkjörinu var mjög góð. Alls greiddu 8845 atkvæði. Ég hlaut 7452 atkvæði, eða 88,3%, og þar af 6329 í fyrsta sætið, eða 75%. Árni Sigfússon fékk 762 atkvæði í fyrsta sæti og Vilhjálmur Þ. Vilhjálmur fékk 563 atkvæði í það sæti. “Rússnesk kosning hjá Markúsi” sögðu sumir fjölmiðlar. Það voru margir sem föggnuðu með mér. Reyndar ekki vikuritið Eintak, undir ritstjórn Gunnars Smára Egilssonar, síðar sósíalistaforingja, sem lét gera könnun og sló því upp að 34% aðspurðra vildu annan en Markús Örn í embætti borgarstjóra. Ólíkt því sem gerist nú til dags þótti það ekki tíðindum sæta þá, að meira en 65% aðspurðra töldu mig besta borgarstjóraefni Sjálfstæðisflokksins að loknu prófkjöri í febrúar.

Katrín Fjeldsted, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, býsnaðist aftur á móti yfir því í samtali við Eintak að þetta væri ekki ótvíræður stuðningur við mig. Þessi 34% sem afstöðu tóku gegn mér væru ekki nógu hagstæð útkoma fyrir flokkinn í aðdraganda tvísýnna kosninga. Sannleikurinn er sá, að Katrín með sínar sérskoðanir, sem voru mjög á reiki í ýmsum málum, naut engan veginn þess fylgis í röðum sjálfstæðisfólks almennt né heldur borgarstjórnarflokksins, sem hún sjálf lét í veðri vaka. Þetta var enn staðfest í prófkjörinu vegna alþingiskosninganna 1995 en þá lenti Katrín í 9. sæti. Í borgarstjórnarflokki hafði komið fram áberandi auðnuleysi Katrínar þegar kosning

var varaformaður borgarráðs í staðinn fyrir Magnús L. Sveinsson. Vilhjálmur og Katrín gáfu kost á sér. Katrín hlaut 3 atkvæði en Vilhjálmur 12. Katrín vann lengi að endurskoðun reglugerðar um umhverfismál á vettvangi heilbrigðismálaráðs, þar sem hún var formaður. Þessi vinna dróst á langinn og borgarfulltrúar flokksins fengu takmarkaðar upplýsingar frá henni um efni tillagnanna, sem væntanlegar voru.



Forkastanleg yfirlýsing borgarfulltrúa flokksins í kjölfar þess að tæplega 9000 stuðningsmenn Sjálfstæðisflokksins höfðu valið frambjóðendur til borgarstjórnar.



Fjörur skoðaðar

Síðasta embættisverkið. Tók á móti nemendum úr Vogaskóla, sem færðu mér skýrslu um fjöruskoðun sína.

DV

RITSTJÓRN AUGLÝSINGAR OG AFRÉÐSILA SIMI 63 27 00

Frjálst, óháð dagblað

5 690710 111117

DAGBLAÐIÐ - VÍSIR 61. TBL. 84 og 20. ARG. - MANUDAGUR 14. MARS 1994. VERÐ Í LAUSASÖLU KR. 140 M/VSK.

Mikil fundahöld forystumanna Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík í morgun:

Markús Örn að hætta sem borgarstjóri?

— þá færir Árni Sigfússon í efsta sæti listans — sjá baksíðu

Brotthvarfið bar jafn brátt að og innkomuna á sínum tíma.



Borgarstjóraskipti 17. mars 1994. Árni Sigfússon hafði lengi haft augastað á embættinu og varð nú að ósk sinni.

Meðal annars gerðu þær ráð fyrir mjög hækkuðum álögum á fyrirtæki vegna gjaldtöku fyrir eyðingu spilliefna og fleira í þeim dúr. Vegna bágrar stöðu fyrirtækjanna í afleitu efnahagsástandi þótti ekki ráðlegt að fara að þessum tillögum. Þetta kann að hafa valdið þeim vonbrigðum, sem Katrín sagði sig verða fyrir í samstarfinu við mig og aðra í borgarstjórnarflokknum.

Að loknu prófkjöri tók ég mér stutt orlof sem ég átti inni af sumarfríi síðasta árs og dvaldist með Antoni syni mínum sem var við flugnám suður í Melbourne á Flórída. Helen eiginkona hans var þar einnig og við flugum mikið með Antoni á Skyhawk-vélinni, m.a. suður til Key West. Það sóttu að mér áleitnar spurningar um stöðu mína og framtíð þegar ég lét hugann reika í fríinu. Ég hafði staðið við yfirlýsingar mínar um að sækjast eftir stuðningi Sjálfstæðisflokksins til að leiða listann í næstu kosningum. Það hafði tekist bærilega.

Hins vegar var ég hundóánægður yfir tilburðum sumra samverkamanna minna sem reyndu að gera mér eins erfitt fyrir og hugsast gat. Sigrún Magnúsdóttir, borgarfulltrúi Framsóknarflokksins, hafði orð á því í blaðaviðtölum eftir afsögn mína, að þeim fulltrúum minnihlutans hefði verið ljóst hvernig sumir í meirihlutanum hefðu ítrekað unnið gegn mér. Kannski hefur hún fræðst eitthvað betur um það á fundum hins þverpólítíska hóps kvenna meðal borgarfulltrúa, bæði úr meirihluta og minnihluta, sem hittist annað slagið yfir góðum mat og drykk í Naustinu og kölluðu sig “Bæjarins bestu”. Sérstæð birtingarmynd kvenfrelsisbaráttunnar í lok 20. aldar.

Nokkru eftir að ég kom heim úr fríinu í Flórída settist ég niður og skrifaði bréf til stjórnar fulltrúaráðs Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík og tilkynnti henni þá ákvörðun að segja af mér og víkja sæti af framboðslista Sjálfstæðisflokksins, sem þá hafði endanlega verið samþykktur. Með þessu lét ég jafnframt fylgja greinargerð um ástæður fyrir þessari ákvörðun og dró ekki dul á óánægju mína með starfsandann innan borgarstjórnarflokksins og að samstarfsmenn mínir skyldu gera mig



Fulltrúar meirihluta og minnhluta gera vopnahlé á góðri stund. Frá vinstri: Kristín Á. Ólafsdóttir, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, Sigríður Sigurðardóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Ólína Þorvarðardóttir, Markús Örn Antonsson, Sigrún Magnúsdóttir og Jóna Gróa Sigurðardóttir. Lyft glösum fyrir lokaafgreiðslu fjárhagsáætlunar borgarinnar 1994.

persónulega ábyrgan fyrir stöðu flokksins eins og hún mældist í könnunum. Hefði þetta gert mér ókleift að starfa með hópnum áfram.

Davíð Oddsson var staddur erlendis og ég notaði fyrsta tækifæri til að hitta hann eftir heimkomu hans og kynnti honum innihald bréfsins um miðja viku. Hann sagði ljóst að ég hefði tekið endanlega ákvörðun og henni yrði ekki breytt en óskaði eftir því að gerðar væru nokkrar breytingar á textanum, þar sem dregið væri úr óánægju minni með meðreiðarfólkið sem höfuðástæðu ákvörðunar minnar. Í sjálfu sér snerist málið ekki um orðalag í bréfi, sem yrði gert opinbert, heldur að forystu flokksins væri fullkomlega ljóst hvað að baki bjó. Ég samþykkti þó að gera umræddar breytingar á bréfinu.

Á þessum fyrstu stigum vissi enginn í borgarstjórnarflokki hvað væri í aðsigi nema við Davíð. Um helgina gekk Davíð í það að boða fólk úr frambjóðendahópnum á sinn fund og hafði ég ekki fregnir af málinu meir, fyrir utan það að Árni Sigfússon, sem var í öðru sæti listans, myndi leiða hann eftir afsögn mína. Það má segja að brotthvarf mitt af sviði borgarmálanna hafi borið jafnbrátt að

og innkomuna á sínum tíma. Fjölmíðlamenn vissu ekki hvaðan á þá stóð veðrið þegar þeir voru boðaðir til fréttamannafundar á Hótel Borg snemma á mánudagsmorgni 14. mars 1994, þar sem við Árni Sigfússon sögðum frá breytingunum og sátum fyrir svörum í beinum útsendingum. Við tóku heimsóknir í útvarps- og sjónvarpsstöðvar til að gera nánari grein fyrir stöðunni í viðtölum. Sömuleiðis fundir í Valhöll með forystu fulltrúaráðs og hverfafélaga Sjálfstæðisflokksins í borginni.

Þessi kaffi í starfsævinni var brátt á enda og fljótlega tók ég mér þrífót í hönd, fór að bera statífið fyrir myndavélar Ernst Kettlers, myndatökumanns, í kvikmyndaleiðöngurum okkar. Ég var kominn til starfa sem framleiðandi kynningarmyndbanda hjá vini mínum Jóhanni Briem í Myndbæ. Hliðarspor í pólitík hafði valdið nokkru öryggisleysi um skeið en ég náði taktinum snarlega aftur. Það kom dagur eftir þennan dag. Aðrir tóku við á leiksviði borgarmálanna og hafa marga fjöruna sopið síðan “við fjarðasund og eyjaband” eða suður með sjó. ■

**“Áfram veginn
í vagninum
ek ég”**

